Á árinu 2009 bárust ríkissaksóknara sjö mál sem talin voru varða við 211. gr. en eitt brotið var fullframið og sakfellt í því. Eitt mál varðaði 211. gr. en í sex málum var um að ræða tilraunabrot. Í einu máli er varðaði tilraunabrot var við-komandi sýknaður, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Tvö mál voru heimfærð undir 2. mgr. 218, og í öðru tilfellinu var viðkomandi sýknaður af refsikröfu, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í einu máli var bæði ákært og fellt niður. Eitt mál er enn ódæmt þar sem ákærði flúði land.

Á árinu 2010 bárust þrjú mál sem talin voru varða við 211. gr. en eitt þeirra var tilraunabrot.Í öðru málinu þar sem brot var talið fullframið, var ákærði sýknaður af refsikröfuí héraðsdómi og dæmdur til að sæta öryggisgæslu, var því máli áfrýjað af ríkissaksóknara og var ákærði sakfelldur í Hæstarétti. Í tilraunabrotinu var sýknað af refsikröfu, en ákærði var dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust 5 mál sem talin voru varða við 211. gr. Þrjú málanna voru fullframin og tvö tilraun. Í einu máli, þar sem brot var fullframið, var viðkomandi sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

**Líkamsárás (2. mgr. 218 gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2007 | 35 | 6 | 17 | 27 | 77 | 2 | 7 | 25 | 93 | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 |
| 2008 | 58 | 11 | 19 | 45 | 78 | 2 | 4 | 40 | 89 | 8 | 1 | 7 | 0 | 0 |
| 2009 | 84 | 15 | 18 | 66 | 79 | 2 | 3 | 51 | 77 | 13 | 2 | 10 | 1 | 0 |
| 2010 | 69 | 10 | 14 | 55 | 80 | 8 | 15 | 46 | 84 | 9 | 3 | 5 | 1 | 1 |
| 2011 | 50 | 8 | 16 | 27 | 54 | 2 | 7 | 19 | 70 | 3 | 0 | 1 | 2 | 13 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 35 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út 27 ákærur en 6 málanna voru felld niður þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis. Í einu máli var fallið frá saksókn og eitt mál var endursent lögreglu til frekari rannsóknar.

Á árinu 2008 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Af þeim voru 11 málanna felld niður, ákært var í 45 þeirra, fallið frá saksókn í einu máli og einu máli var vísað frá héraðsdómi, ákæra var afturkölluð í einu máli.

Á árinu 2009 bárust 84 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út ákærur í 66 málum og 15 mál felld niður. Tveimur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og einu lokið með ákærufrestun. Í 6 málum var brot talið varða við 217. gr. og í 3 málum var brot talið varða við 1. mgr. 218. gr.

Árið 2010 bárust 69 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út ákærur í 55 málum, 10 mál voru felld niður. Þremur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og ein ákæra var afturkölluð. Í einu máli var sýknað af refsikröfu en viðkomandi látinn sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust 50 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar hafa verið út ákærur í 27 málum og 8 mál hafa verið felld niður. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Sex ákærur eru ódæmdar.

**Fíkniefnabrot (173 gr. a.hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæsta-rétti | Sakfellt í Hæsta-rétti | Ódæmt í Hæsta-rétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2007 | 10 | 1 | 10 | 9 | 90 | 2 | 22 | 7 | 78 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2008 | 10 | 0 | 0 | 10 | 100 | 0 | 0 | 10 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2009 | 11 | 1 | 9 | 10 | 91 | 0 | 0 | 10 | 100 | 5 | 0 | 4 | 1 | 0 |
| 2010 | 12 | 0 | 0 | 12 | 100 | 1 | 8 | 11 | 92 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 |
| 2011 | 14 | 0 | 0 | 13 | 93 | 1 | 8 | 11 | 85 | 3 | 0 | 0 | 3 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, þ.e. stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Á árinu 2007 bárust 10 mál er vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot. Ákært var í 9 þeirra en eitt var fellt niður þar sem það var ekki talið líklegt til sakfellis. Af þeim 9 sem ákært var í var sakfellt í 6 málum, en sýknað í tveimur málum. Í einu máli varð niðurstaðan bæði í héraðsdómi og Hæstarétti að annar sakborninga var sýknaður en hinn sakfelldur og telst hafa verið sakfellt í þeim málum. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Á árinu 2008 bárust 10 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfellt var í þeim öllum, 2 málum var áfrýjað til Hæstaréttar og var niðurstaðan sakfelling.

Á árinu 2009 bárust 11 mál. Ákært var í 10 málum og 1 mál fellt niður. Sakfellt var í þeim öllum. Fimm málum var áfrýjað til Hæstaréttar, var sakfellt í 4 en einu máli er enn ólokið í Hæstarétti. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2010 bárust 12 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfellt var í 11 málum en sýknað í einu máli. Fjórum málum var áfrýjað og var sakfellt í þeim öllum. Í fimm málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í 1 máli voru 2 aðilar sýknaðir í héraði, áfrýjaði ákæruvaldið á annan aðilann. Í 1 máli voru 3 ákærðir, þar var 1 sýknaður og 2 sakfelldir í héraði. Í 1 máli voru 2 ákærðir, annar var sýknaður og hinn sakfelldur.

Árið 2011 bárust 14 mál. Gefnar hafa verið út ákærur í 13 málum en einu er ólokið um áramót. Sakfellt var í 11 málum en sýknað í 1 máli. Þremur af þeim málum var áfrýjað og eru þau ódæmd í Hæstarétti. Eitt mál er ódæmt í héraðsdómi. Í sex málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

**Kynferðisbrot (194.-199. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2007 | 71 | 49 | 69 | 19 | 27 | 2 | 11 | 17 | 89 | 11 | 1 | 10 | 0 | 0 |
| 2008 | 46 | 32 | 70 | 14 | 30 | 6 | 43 | 7 | 50 | 7 | 3 | 4 | 0 | 0 |
| 2009 | 42 | 28 | 67 | 14 | 33 | 6 | 43 | 7 | 50 | 6 | 1 | 5 | 0 | 1 |
| 2010 | 51 | 24 | 49 | 25 | 47 | 7 | 30 | 16 | 70 | 12 | 2 | 9 | 1 | 0 |
| 2011 | 65 | 25 | 38 | 20 | 31 | 7 | 35 | 6 | 30 | 4 | 0 | 0 | 4 | 16 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 71 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 49 felld niður en gefin út ákæra í 19 málum. Í einni ákæru voru fjögur mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem fjórar ákærur.

Á árinu 2008 bárust alls 48 mál. Af þeim voru 26 felld niður, eitt sent erlendis til afgreiðslu og ákært í 14 málum. Í einni ákæru voru tvö mál á hendur sama sakborningi.

Á árinu 2009 bárust 42 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 28 felld niður og ákæra gefin út í 14 málum. Einu máli er enn ólokið þar sem ákærði er farinn úr landi.

Á árinu 2010 bárust 51 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 24 felld niður og ákært í 25 málum. Rannsókn var hætt í 2 málum.

Á árinu 2011 bárust 65 mál sem heimfærð hafa verið undir ofangreind ákvæði. Af þeim hafa 25 mál verið felld niður og gefin út ákæra í 20 málum.  Rannsókn hefur verið hætt í 4 málum.  Um áramót voru 16 mál óafgreidd.

**Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2007 | 66 | 29 | 44 | 37 | 56 | 7 | 19 | 30 | 81 | 16 | 5 | 11 | 0 | 0 |
| 2008 | 73 | 26 | 36 | 39 | 53 | 8 | 21 | 31 | 79 | 17 | 2 | 15 | 0 | 0 |
| 2009 | 80 | 39 | 49 | 37 | 46 | 10 | 27 | 27 | 73 | 10 | 1 | 9 | 0 | 0 |
| 2010 | 53 | 23 | 43 | 23 | 43 | 5 | 22 | 18 | 78 | 5 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| 2011 | 55 | 14 | 25 | 15 | 27 | 2 | 13 | 8 | 53 | 5 | 1 | 4 | 0 | 21 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Á árinu 2007 bárust 66 mál sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. hgl. Af þessum 66 málum voru 29 felld niður. Ákært var í 37 málum.

Á árinu 2008 bárust 73 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 73 málum voru 26 felld niður og ákært í 39 málum. Í þremur var fallið frá saksókn og tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Í einni ákæru voru 10 mál, þar sem einn maður var ákærður.

Á árinu 2009 bárust 80 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Niðurfelld voru 39 mál og ákært í 37 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2010 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Af þessum 53 málum, þá voru 23 mál felld niður og ákært í 23 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun.  Í 5 málum var rannsókn hætt.

Á árinu 2011 bárust 55 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði.  Af þessum 55 málum , þá er búið að fella niður 14 mál og gefa út ákæru í 15 málum. Einu máli hefur  verið lokið með ákærufrestun. Tveimur málum hefur verið lokið með því að hætta rannsókn, og tveimur málum hefur verið lokið með að falla frá saksókn.  Um áramót voru 21 máli óafgreitt.

**Kynferðisbrot (204.gr. gáleysi sbr. 201. gr. og 202. gr. )**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2010 | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 1 | 50 | 1 | 50 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |

Á árinu 2010 voru 2 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði.  Var ákært í þeim báðum.

Á árinu 2011 var 1 mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Ákært var í því, en niðurstaða ekki komin um áramót.

| Kynferðisbrot (206.gr ) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2009 | 2 | 1 | 50 | 1 | 50 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 20 | 6 | 30 | 14 | 70 | 2 | 14 | 12 | 86 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 5 | 1 | 20 | 3 | 60 | 0 | 0 | 1 | 33 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |

Árið 2009 voru 2 mál er heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Annað málið var fellt niður og ákært var í hinu.

Á árínu 2010 voru 20 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefinu var út ákæra í 14 málum en 6 mál voru felld niður.

Á árinu 2011 voru 5 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt málið hafði verið fellt niður og gefnar út ákærur í þremur. Eitt mál var enn óafgreitt um áramót og 2 mál voru ódæmd.

| Kynferðisbrot (209. gr. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2007 | 29 | 13 | 45 | 12 | 41 | 3 | 25 | 9 | 75 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2008 | 35 | 14 | 40 | 21 | 60 | 6 | 29 | 15 | 71 | 6 | 0 | 5 | 1 | 0 |
| 2009 | 17 | 7 | 41 | 10 | 59 | 3 | 30 | 6 | 60 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2010 | 16 | 1 | 6 | 13 | 81 | 4 | 31 | 9 | 69 | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 25 | 4 | 16 | 13 | 52 | 2 | 15 | 6 | 46 | 2 | 1 | 1 | 0 | 8 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. alm. hgl., og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Alls bárust ríkissaksóknara 29 mál á árinu 2007 þar sem brot voru heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum þar af voru í einni ákæru fjögur mál saman vegna sama sakbornings og í annarri voru tvö mál saman.

Á árinu 2008 bárust 35 mál og voru 14 þeirra felld niður með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis og fjögur voru óafgreidd um áramót. Samtals var gefin út 21 ákæra en í einni ákæru var ákært í 8 málum á hendur sama manni.

Á árinu 2009 voru 17 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Sjö mál voru felld niður og gefin út ákæra í 10 málum. Í einu máli var ákæran afturkölluð.

Á árinu 2010 voru 16 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt mál var fellt niður og ákært í 13. Einu máli var lokið með ákærufrestun og rannsókn var hætt í 1 máli.

Á árinu 2011 voru 25 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Um áramót var búið að fella niður 4 mál og ákæra í 13 málum og ljúka einu máli með ákærufrestun. Átta mál voru óafgreidd um áramót.

| Kynferðisbrot (210. gr. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | |
| 2007 | 19 | 5 | 26 | 11 | 58 | 0 | 0 | 11 | 100 | 5 | 0 | 5 | 0 | 0 |
| 2008 | 11 | 1 | 9 | 10 | 91 | 0 | 0 | 10 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2009 | 9 | 3 | 33 | 6 | 67 | 0 | 0 | 6 | 100 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 7 | 0 | 0 | 5 | 71 | 0 | 0 | 5 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2011 | 15 | 0 | 0 | 9 | 60 | 1 | 11 | 6 | 67 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Í fimm af þeim 19 málum sem bárust á árinu 2006 voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum en aðrir ákærðir í sama máli. Þau mál eru í töflunni talin með þeim málum sem ákært var í.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 19 mál sem heimfærð voru undir ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum. Í einni ákæru voru tvö mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem tvær ákærur. Þá voru 5 mál felld niður og tvö mál voru endursend lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 19 málum sem bárust vörðuðu 16 þeirra ætluð brot gegn 4. mgr. ákvæðisins, tvö mál gegn 3. mgr. (afhending klámefnis til barna yngri en 18 ára) og eitt mál gegn 2. mgr. (innflutningur og útbreiðsla kláms).

Á árinu 2008 bárust 11 mál. Eitt mál var fellt niður og gefnar út ákærur í 10 málum. Sakfellt var í þeim öllum. Í einu máli varðaði brotið við 3. mgr. 210. gr. hgl. og í níu málum varðaði brotið við 4. mgr. 210. gr. hgl.

Á árinu 2009 bárust 9 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Þrjú málanna voru felld niður og gefin út ákæra í 6 málum. Af þeim 9 málum sem bárust vörðuðu 7 þeirra við 4. mgr. og 1 mál gegn 2. mgr. og eitt mál varðaði 2. og 4. mgr. hgl.

Á árinu 2010 bárust 7 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Rannsókn var hætt í einu máli og einu lokið með ákærufrestun og ákæra var gefin út í 5 málum.

Á árinu 2011 bárust 15 mál. Búið var að afgreiða 9 mál og var ákært í þeim öllum. Sex mál voru óafgreidd um áramót.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2011 féll ríkissaksóknari frá saksókn í níu málum samkvæmt heimild í 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Forsenda þess að niðurfellingu saksóknar sé beitt er að rannsókn máls sé lokið, mál teljist upplýst og að ákæruvaldið telji að sakborningur hafi framið refsivert brot. Niðurfellingu saksóknar er að jafnaði ekki beitt nema játning sakbornings liggi fyrir. Í fyrrnefndri lagagrein er heimild til að falla frá saksókn eins og nánar er greint í stafliðum málsgreinarinnar.

Samkvæmt a- lið má falla frá saksókn ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má.

Samkvæmt b- lið má falla frá saksókn ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti.

Samkvæmt c- lið má falla frá saksókn ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum.

Samkvæmt d- lið má falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Málsatvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

1. Óeinkennisklæddir lögreglumenn voru við eftirlit á veitingastaðnum C og höfðu afskipti af hópi fólks inni á veitingastaðnum. Tvær konur og einn karlmaður, öll á fertugsaldri, voru ósátt við þessi afskipti lögreglunnar og sinntu ekki fyrirmælum lögreglunnar og ýttu við og slógu til lögreglumannanna. Voru þau talin hafa sýnt af sér háttsemi sem fól í sér brot gegn valdstjórninni, sbr. 1. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot gegn ákvæðum lögreglulaga nr. 90/1996. Var það mat ríkissaksóknara að atvik hafi verið með þeim hætti á vettvangi að almannahagsmunir kröfðust ekki málshöfðunar og því var fallið frá saksókn með vísan til d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

2. Lögregla fékk tilkynningu um að fara að skemmtistaðnum V í miðbæ Reykjavíkur þar sem kona var að skemmta sér í einkennisfatnaði lögreglu. Þegar lögreglumenn komu á vettvang sáu þeir 21 árs gamla konu í skyrtu með einkennismerkjum lögreglunnar. Við skýrslutöku hjá lögreglunni sagðist konan hafa fengið þessa skyrtu, frá óþekktum aðila, skömmu áður en lögregla kom á vettvang og hafði hún fengið skyrtuna í skiptum fyrir bjór. Hafði konan talið að um væri að ræða eftirlíkingu á einkennisfatnaði lögreglu. Var háttsemi hennar talin varða við 117. gr. almennra hegningarlaga. Brot konunnar var talið það smávægilegt að ákvörðun var tekin um að falla frá saksókn með vísan til a-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

3. Lögregla fékk upplýsingar um að 19 ára gömul stúlka hefði vísvitandi gefið rangan framburð fyrir dómi í tengslum við líkamsárásarmál. Var stúlkan boðuð í yfirheyrslu hjá lögreglu þar sem sakarefnið var borið undir hana. Stúlkan játaði að hafa sagt ósatt fyrir dómi þegar hún lýsti líkamlegum átökum tveggja málsaðila. Sagðist hún hafa gefið þennan framburð fyrir dómi eftir að annar málsaðilinn, sem var vinur hennar, hafði beðið hana um að gefa framburð sem væri honum í hag. Var háttsemi stúlkunnar talin varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga. Brot

stúlkunnar og afleiðingar þess voru með þeim hætti að ákvörðun var tekin um að falla frá saksókn með vísan til a- og d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

4. Við rannsókn á líkamsárásarmáli frá árinu 2009 vaknaði grunur um að nokkur vitni í málinu hefðu vísvitandi gefið rangan framburð í skýrslutöku hjá lögreglu. Var það tekið sérstaklega til rannsóknar af hálfu lögreglu og viðurkenndi einn hinna grunuðu, 17 ára gamall piltur, að hafa gefið rangan framburð sem vitni í málinu. Kvaðst pilturinn hafa gert það til að vernda einn málsaðila líkamsárásarmálsins. Var háttsemi piltsins talin varða við 146. gr. almennra hegningarlaga. Var brot hans talið það smávægilegt og fyrirsjáanlegt að refsing málsins yrði ekki í samræmi við umfang þess og var því fallið frá saksókn með vísan til a-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

5. T 33 ára gamall karlmaður lenti í deilum við tvo karlmenn á tvítugsaldri, þá B og S, með þeim afleiðingum að til átaka kom á milli þeirra. T hélt á glasi við upphaf átakanna sem hann viðurkenndi að hafa slegið til S með því þannig að glasið brotnaði og T skarst illa á fingri og varð fyrir sinaskemmd. T viðurkenndi að hafa átt upptökin að átökunum og að hafa slegið til S með glasinu. Var háttsemi T talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. T upplýsti að hann hafði haldið að B og S væru að ráðast gegn sér með hníf og því hefði hann brugðist svona við. Þegar málið var afgreitt hjá ríkissaksóknara var ekki ljóst hverjar yrðu varanlegar afleiðingar T af málinu og hann hafði einnig misst úr vinnu og orðið fyrir tekjutapi vegna málsins. Var talið að T hefði orðið fyrir miklum þjáningum í tengslum við málið og af þeirri ástæðu voru almannahagsmunir ekki taldir krefjast þess að saksækja T. Var því fallið frá saksókn hvað T varðar með vísan til d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Hvað B og S varðar þá viðurkenndu þeir að hafa átt í átökum við T en að þeir hafi ekki átt upptökin og þá hafi verið slegið til annars þeirra með glasi. Vegna þessara sérstöku aðstæðna var ekki talin ástæða til að saksækja þá B og S í málinu. Var því fallið frá saksókn með vísan til d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

6. 34 ára gamall karlmaður var handtekinn og vistaður í fangaklefa vegna máls er varðaði eignaspjöll. Er maðurinn var færður á salerni réðist hann að fangaverði og reyndi að slá hann en fangavörðurinn náði að víkja sér undan högginu og í kjölfarið var maðurinn yfirbugaður. Háttsemi mannsins var talin vera valdstjórnarbrot og varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Brotið þótti smávægilegt og enginn skaði hlaust af og var því ákveðið að falla frá saksókn með hliðsjón af a-lið 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

7. 48 ára gamall karlmaður var sakaður um kynferðisbrot, líkamsárás og líflátshótanir gagnvart dóttur sinni. Kynferðisbrotin þóttu ekki líkleg til sakfellingar og voru felld niður og líkamsárásarhluti málsins var fyrndur. Maðurinn játaði líflátshótanirnar og var háttsemin talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Maðurinn gekkst undir sakhæfismat í tengslum við rannsókn málsins og var niðurstaðan sú að maðurinn væri ósakhæfur. Með hliðsjón af sakhæfismati var ákveðið að falla frá saksókn með vísan til c-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

8. Lögregla fékk tilkynningu um að fara að bóndabæ einum á Austfjörðum þar sem karlmaður var sagður mjög æstur og órólegur. Hafði 47 ára gamall karlmaður, veist að öðrum karlmanni með stórum veiðihníf. Kom í ljós að þarna höfðu bræður verið að kljást og sá eldri náð að afvopna þann yngri. Var talið að með þessari háttsemi sinni hefði yngri maðurinn á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu bróður síns í augljósan háska og varðaði það við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem maðurinn hafði skorist illa á hendi þegar hann var afvopnaður og brotið þannig valdið honum óvenjulega miklum þjáningum og málið auk þess verið honum þungbært að öðru leyti, var ákveðið að falla frá saksókn með vísan til d- liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

9. 17 ára piltur var talinn hafa framið kynferðisbrot gegn 14 ára stúlku með því að hafa átt við hana samræði á árinu 2009 þegar hann var 16 ára gamall. Háttsemi piltsins var talin varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sem kveður á um bann við samræði við barn yngra en 15 ára. Upplýst var að pilturinn og stúlkan voru kærustupar þegar atvikið átti sér stað, ekki var mikill aldursmunur á þeim og þau svipuð í þroska. Með hliðsjón af þessu var tekin ákvörðun um að falla frá saksókn með vísan til d-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála, enda ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar.

**Samantekt.**
9 mál.
13 sakborningar.
4 konur þar sem meðalaldur var 26,25 ár.
9 karlmenn þar sem meðalaldur var 30,11 ár.

## 2.5. Skilorðsbundin frestun ákæru

Í 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er heimild fyrir ákæranda að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru til refsingar útaf brotum þegar sakborningur hefur játað brot sitt og að uppfylltum skilyrðum sem talin eru upp í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 56. gr. Skilyrðin eru eftirfarandi:

1. *Að málið varði brot sem unglingar á aldrinum 15 – 21 árs hafa framið.*

2. *Högum sakbornings sé þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.*

Mál þessi má taka upp að nýju ef aðilar gerast sekir um nýtt brot á skilorðstímanum, eða rjúfa í veigamiklum atriðum þau skilyrði sem sett voru fyrir frestun ákærunnar, sbr. 4. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga.
Á árinu 2011 frestaði ríkissaksóknari útgáfu ákæru í níu málum og hér að neðan er greint frá tegund brots, aldri og kyni sakbornings:

1. 16 ára piltur játaði blygðunarsemisbrot, með því að hafa komið myndavélasíma fyrir í kvennabúningsklefa og tekið upp myndskeið án vitundar þeirra sem í búningsklefanum voru. Brotið talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

2. 20 ára piltur játaði kynferðislega áreitni gagnvart stúlku þegar hann var sjálfur 15 ára og stúlkan 13 ára. Brotið talið varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

3. 21 árs stúlka játaði að hafa slegið aðra stúlku með glerflösku í höfuðið á skemmtistað á Kanaríeyjum. Gerandi búinn að greiða brotaþola bætur og afleiðingar brotsins ekki alvarlegar. Brotið talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

4. 18 ára piltur játaði að hafa átt kynmök við stúlku þegar hann var nýorðinn 16 ára en stúlkan einungis 13 ára. Pilturinn og stúlkan talin vera á svipuðu þroskastigi og ekki mikill aldursmunur. Brotið talið varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

5. 18 ára piltur játaði brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumönnum sem voru að handtaka vin piltsins. Brotið ekki talið alvarlegt en varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

6. 17 ára piltur játaði gripdeild og tilraun til ráns sem áttu sér stað sama kvöld með stuttu millibili og voru brotin talin varða við 245. gr. og 252. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

7. 16 ára piltur játaði að hafa farið í verslun og hótað starfsmanni með hnífi og krafist þess að fá afhentar sígarettur. Ránsbrotið talið varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

8. 18 ára stúlka sló aðra stúlku í höfuðið með glerflösku en talið var að hún hafi gert þetta vegna þess að aðilar voru að veitast að henni. Líkamsárásin talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

9. 17 ára piltur játaði að hafa slegið annan pilt með grjóti í höfuðið og var líkamsárásin talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

**Samantekt**
9 mál.
7 piltar þar sem meðalaldurinn var 17,4 ár.
2 stúlkur þar sem meðalaldurinn var 19,5 ár.
4 ofbeldisbrot, þar af 1 brot gegn valdstjórninni.
3 kynferðisbrot.
2 auðgunarbrot.

## 2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

| Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2011 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar. | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 116 |
| Fjöldi einstaklinga | 111 |
| Dagar í gæslu | 5767 |

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:**

| | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. | 4741 | 67,73 | 2 | 229 |
| b-liðir 1. mgr. 99. gr. | 28 | 9,33 | 8 | 70 |
| bc-liðir 1. mgr. 99. gr. | 4 | 4,00 | 4 | 43 |
| bcd-liðar 1. mgr. 99. gr. | 11 | 5,50 | 3 | 8 |
| bcde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 879 | 11,27 | 1 | 39 |
| bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 100 | 20,00 | 10 | 3 |
| bce-liðar 1. mgr. 108. gr. | 4 | 4,00 | 4 | 4 |
| Samtals | 5767 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann, f Vinnubann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 50 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | |
|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun staðfest** |
| 50 | 20 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 6 |
| Hótanir | 3 |
| Líkamsárásir | 26 |
| Þjófnaður | 1 |
| Húsbrot/Eignaspjöll | 3 |
| Sérrefsilagabrot | 6 |
| Umferðarlagabrot | 4 |
| Misneyting | 1 |
| Samtals | 50 |

- Alls voru 9 málum ólokið um áramótin.
- Í einu máli ákvað lögreglustjóri að hefja aftur rannsókn málsins, sú ákvörðun var tekin eftir að ríkissaksóknara barst kæra.
- Alls voru 3 mál þar sem ákvörðun var felld úr gildi, en þess í stað var rannsókn málsins hætt.
- Í einu máli voru tveir kærðir og ákvörðun staðfest á annan aðilann en felld úr gildi á hinn.
- Eitt mál var staðfest að hluta.

Alls sættu 3 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 3 | 1 | 2 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Þjófnaður | 2 | |
| Skjalafals | 1 | |
| Samtals | 3 | |

Ríkissaksóknara bárust 136 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
| 136 | 43 | 86 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 33 |
| Rangar sakargiftir og rangur framburður | 6 |
| Líkamsárásir | 20 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 12 |
| Hótanir | 4 |
| Þjófnaður | 17 |
| Eignaspjöll | 7 |
| Sérrefsilagabrot | 11 |
| Skjalafals | 1 |
| Umferðarlagabrot | 1 |
| Kynferðisbrot | 7 |
| Misneyting | 1 |
| Mannslát | 1 |
| Annað | 15 |
| Samtals | 136 |

- Alls voru tvær kærur afturkallaðar.
- Í einu máli ákvað lögreglustjóri að hefja aftur rannsókn málsins, sú ákvörðun var tekin eftir að ríkissaksóknara barst kæra.
- Alls voru fjórum málum ólokið um áramótin.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi og málið fellt niður á grundvelli 145. gr. sml.
- Í tveimur málum var ákvörðun um að vísa frá kæru felld úr gildi, en þess í stað var rannsókn málsins hætt.
- Í einu máli voru tveir kærðir og ákvörðunin staðfest á annan aðilann en felld úr gildi að hluta á hinn.

## 2.8. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Lögreglustjórum ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn slíkra mála en undanfarin misseri hefur ríkissaksóknari notið aðstoðar frá Lögregluskóla ríkisins við rannsóknirnar. Um rannsókn þessara mála og afgreiðslu fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Málalok samkvæmt lögunum geta verið á fimm vegu, að kæru sé vísað frá sbr. 4. mgr. 52. gr., að rannsókn máls sé hætt sbr. sama ákvæði, að málið sé fellt niður að lokinni rannsókn ríkissaksóknara ef það sem fram hefur komið við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis sbr. 145. gr., að fallið sé frá saksókn sbr. 146. gr. þrátt fyrir að ætla megi samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum að brot hafi verið framið, og loks að gefin sé út ákæra.

Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknara bárust 28 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra á árinu 2011. Ákært var í tveimur málum, kærum var vísað frá í átta málum, í fimmtán málum var rannsókn hætt og þrjú mál voru rannsökuð að fullu en felld niður á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Tæplega þriðjungur kærumálanna, eða níu, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur, vistun í fangaklefa eða í framhaldi handtöku. Rannsókn var hætt í fimm þessara mála, einu máli var vísað frá, en tveimur málum var lokið á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála. Eitt málanna leiddi til ákæru á hendur lögreglumanni en meðferð þess fyrir héraðsdómi er ekki lokið. Ríkissaksóknari gerði athugasemdir við vinnubrögð lögreglu í einu af þeim átta málum sem ekki leiddu til ákæru.
Fimm kærumál vörðuðu meint brot á þagnarskyldu lögreglu og tengdust þau öll upplýsingum sem borist höfðu til fjölmiðla. Einu þessara mála var vísað frá en rannsókn var hætt í fjórum þeirra. Tvö þessara mála vörðuðu húsleitir sem myndatökumenn frá tveimur fjölmiðlum voru viðstaddir án þess að leitarþolar hefðu samþykkt það. Niðurstaða ríkissaksóknara í öðru málanna var sú að stjórnandi lögreglumanns á vettvangi kynni að hafa gert mistök með því að heimila myndatöku fjölmiðlamanna án þess að ganga úr skugga um það fyrirfram hvort lögmaður húsráðanda heimilaði myndatöku. Þá kynnu yfirmenn viðkomandi lögreglumanns einnig að hafa gert mistök hefðu þeir ekki talið þörf á samþykki húsráðenda fyrir myndatöku og/eða hefðu þeir ekki lagt fyrir stjórnanda lögregluaðgerða að gæta að því að afla umrædds samþykkis. Hins vegar væri vafi á því hvort meint mistök yrðu virt viðkomandi til stórfellds gáleysis í skilningi 132. gr. almennra hegningarlaga. Ríkissaksóknari taldi einnig meiri líkur en minni á því að brotið væri smáfellt og varðaði því einungis sektum og væri því fyrnt. Í hinu málinu bar kærendum og lögreglu ekki saman um hvort húsráðandi hefði

gefið samþykki sitt fyrir veru myndatökumanns á vettvangi. Þar sem orð stóðu á móti orði var hinn kærði lögreglumaður látinn njóta vafans.

Ríkissaksóknara barst kæra sem varðaði það að kæranda hafði verið meinaður aðgangur að þingpöllum í Alþingishúsinu á tilteknum fundi Alþingis þar sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður en lögreglumenn veittu þá þingvörðum aðstoð við að framfylgja ákvörðun um að hleypa áhorfendum ekki inn á þingpallana. Taldi ríkissaksóknari að aðgerðir lögreglu í umrætt skipti hefði verið lögmætar og forsvaranlegar og var kærunni vísað frá.

Lögreglumaður var kærður til ríkissaksóknara vegna viðbragða hans á slysstað þegar hann, í frítíma sínum, varð vitni að umferðarslysi. Á slysavettvangi nam lögreglumaðurinn staðar og hugði að dreng sem orðið hafði fyrir bifreið og lá undir henni. Lögreglumaðurinn losaði drenginn undan bifreiðinni með því að bakka bifreiðinni sem ekið hafði verið á hann. Síðan settist lögreglumaðurinn hjá drengnum, ræddi við hann og sagði honum m.a. að hann væri lögreglumaður. Þá nefndi lögreglumaðurinn þann möguleika við drenginn að kalla eftir sjúkrabifreið og bauðst til að aka honum heim en drengurinn hafnaði þeim kostum. Gekk drengurinn við svo búið heim til sín en lögreglumaðurinn yfirgaf vettvang ásamt unnustu sinni, sem var ökumaður bifreiðarinnar sem ekið hafði verið á drenginn. Um 40 mínútum síðar hafði lögreglumaðurinn samband við lögreglu og veitti upplýsingar um slysið. Það var niðurstaða ríkissaksóknara að ekki væri unnt að líta svo á að kærði hefði verið í hlutverki lögreglumannsins á slysavettvangi. Jafnframt var það niðurstaða ríkissaksóknara að ekkert væri fyrirliggjandi um að lögreglumaðurinn hefði misnotað á einhvern hátt stöðu sína og aflað sér eða öðrum ávinnings eða hallað réttindum brotaþolans. Auk þess lægi ekkert fyrir um að lögreglumaðurinn hefði eyðilagt eða komið undan sönnunargögnum í málinu. Því var það niðurstaða ríkissaksóknara að ekki hefði verið sýnt fram á að lögreglumaðurinn hefði með athöfnum sínum á slysavettvangi sýnt af sér háttsemi sem varðaði refsiábyrgð og var málið fellt niður á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála. Á hinn bóginn taldi ríkissaksóknari að lögreglumanninum hefði mátt vera ljóst, starfs síns vegna, að tilefni hafi verið til að fara varlegar en hann gerði í aðgerðum sínum á slysavettvangi. Eftirlét ríkissaksóknari lögreglustjóra, þar sem lögreglumaðurinn var við störf, að meta hvort ástæða væri til að fara yfir tilefni og efnisatriði kærunnar með lögreglumanninum og ræða við hann um þau atriði sem honum virtust hafa yfirsést í aðgerðum sínum þegar hann, utan starfa, varð vitni að umferðarslysi.

Tvö kærumál vörðuðu það að lögregla hefði ekki sinnt erindum og eitt kærumál varðaði langan afgreiðslutíma lögreglu. Tveimur þessara mála var vísað frá en rannsókn var hætt í því þriðja.

Þá var hætt rannsókn í málum sem vörðuðu meintan ólögmætan flutning bifreiðar, meinta ólögmæta stöðubrotasekt, að lögregla hefði leynt gögnum til að fá gæsluvarðhald framlengt, að lögregla hefði aflað rangra gagna og búið til sönnunargögn og máli þar sem kærandi taldi að starfsmaður lögreglu hefði verið vanhæfur til að taka ákvörðun í máli þar sem hann og sakborningur höfðu áður starfað saman hjá lögreglu.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur lögreglumanni fyrir kynferðisbrot í opinberu starfi, með því að hafa við skyldustörf sem lögreglumaður, sært blygðunarsemi konu og áreitt hana kynferðislega með því að koma því til leiðar að hann gat nálgast hana einslega í lokuðu herbergi við upplýsingaöflun vegna lögregluverkefnis og viðhafa kynferðisleg orð í hennar garð, pota með penna í brjóst hennar og strjúka brjóst hennar utan klæða. Voru brotin talin varða við 199. gr. og 209. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. febrúar 2012 var ákærði sýknaður af kröfum ákæruvalds. Ríkissaksóknari áfrýjaði dóminum og verður málið flutt í Hæstarétti í byrjun árs 2013.

Jafnframt gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur lögreglumanni fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás, með því að hafa handtekið mann án nægilegra ástæðna eða tilefnis og við þá handtöku farið offari og eigi gætt lögmætra aðferða. Meðferð málsins fyrir héraðsdómi er ólokið.

**Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga**

| Ár | Kærur alls | Niðurfelling | Fallið frá saks. | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Ákæra | Dómur | Í vinnslu um áramót |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 29 | 12 | 0 | 11 | 5 | 1 | 1 viðurl. | 0 |
| 2008 | 26 | 8 | 2 | 11 | 4 | 1 | 1 | 0 |
| 2009 | 18 | 6 | 0 | 10 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 27 | 8 | 0 | 14 | 1 | 3 | 1 | 1 |
| 2011 | 31 | 1 | 0 | 9 | 7 | 1 | 0 | 13 |

## 2.9 Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2011 voru 76 talsins. Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 9 málum. Fjögur þeirra vörðuðu kynferðisbrot, í tveimur málum var ákært fyrir líkamsárás, ríkissaksóknari áfrýjaði manndrápsmáli, umboðssvik voru til umfjöllunar í einu máli og skattalagabrot í einu.

Þrjú þessara mála eru reifuð í kaflanum um dómsmeðferð mála, þ.e. Hæstaréttarmálin nr. 198/2011 (manndráp), 299/2011 (líkamsárás) og 562/2011 (kynferðisbrot). Af þeim málum sem áfrýjað var að frumkvæði ákæruvaldsins má að auki nefna Hæstaréttarmálið nr. 442/2011, svokallað Exetermál. Í því máli var J, fyrrverandi stjórnarformaður B sparisjóðs, og R, fyrrverandi sparisjóðsstjóri sama sparisjóðs, ákærðir fyrir umboðssvik með því að hafa í störfum sínum veitt T ehf. lán frá B til að fjármagna að fullu kaup á stofnfjárbréfum í B, án fullnægjandi trygginga og í andstöðu við reglur sparisjóðsins. Lánin voru veitt til kaupa á stofnfjárbréfum í eigu J og nokkurra starfsmanna sparisjóðsins og félags sem að hluta var í eigu R. S var aðallega ákærður fyrir hlutdeild í brotum J og R með því að hafa lagt á ráðin um umrædd viðskipti en til vara fyrir peningaþvætti. X hafði gegnt stöðu framkvæmdastjóra M banka hf. en seljendur stofnfjárbréfanna skulduðu þeim banka fé. Ákærðu voru allir sýknaðir í héraðsdómi. Hæstiréttur taldi hins vegar að brot J og R væru sönnuð og voru þeir því dæmdir fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þótti 3. mgr. 208. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ekki standa því í vegi, enda hafði niðurstaða héraðsdóms um sýknu J og R ekki verið reist á röngu mati um sönnun um atvik í skilningi lagaákvæðisins. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að umfang brota þeirra var verulegt, sakir miklar og að J hefði með verknaðnum losað sig undan persónulegum ábyrgðum á kröfum. Þá hefði brot R verið framið í skjóli stöðuumboðs. Voru þeir því dæmdir hvor um sig í 4 ára og 6 mánaða fangelsi. Dómur héraðsdóms var ómerktur að því er varðaði þátt X og þeim hluta málsins vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

| Hegningarlagabrot 2011 | | Sérrefsilagabrot 2011 | |
|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot | 13 | Umferðarlagabrot | 2 |
| Auðgunarbrot | 7 | Ölvunar-fíknie-lyfjaakstur | 6 |
| Líkamsárásir | 18 | Fiskveiðibrot | 1 |
| Fíkniefnabrot - stórfellt | 3 | Bókhald | 1 |
| Rán | 3 | Fíkniefnabrot | 2 |
| Manndráp | 2 | Barnaverndarlög | 1 |
| Tilraun til manndráps | 1 | Verðbréf | 1 |
| Hótanir | 1 | | 75 |
| Brot gegn valdstjórninni | 5 | | |
| Nytjastuldur | 1 | | |
| Skattalagabrot - stórfellt | 7 | | |

## 2.10 Sektarboð og sektargerðir.

Í árslok 2011 höfðu lögreglustjórar sent út 29.986 sektarboð. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 13.571 sektir verið greiddar á árinu en það er 98% af útsendum sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur eða í 21.450 tilvikum. Alls fóru 2.341 sektarboð til meðferðar fyrir dómstólum annað hvort sem áritunarmál eða ákærumál.

Sektargerðir lögreglustjóra voru 3.818 í árslok. Þar af höfðu 1.544 verið greiddar á árinu eða 67,4%. Flest málin vörðuðu umferðarlagabrot eða 2.618 þar af 836 vegna ölvunaraksturs. Alls var 659 minni háttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 101 hegningarlagabrotum og er þar um að ræða 70 þjófnaðarbrot.

Það athugist að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

## 3.1. Manndráp og tilraunir til manndráps

Á árinu féllu tveir dómar í Hæstarétti vegna tilraunar til manndráps.

Í máli nr. 299/2011 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu manns fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa slegið annan mann með bjórglasi í höfuð og slegið eða skorið hann á háls með glerbroti. Var maðurinn sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Taldi Hæstiréttur að atlagan hafi verið mjög hættuleg, en áverkarnir sem af henni hlutust voru að áliti lækna ekki lífshættulegir. Ekki þótti unnt að slá því föstu að X hlyti að hafa verið ljóst að langlíklegast væri að A biði bana af atlögu hans.

Ríkissaksóknari ákærði mann fyrir tilraun til manndráps með því að hafa veist með ofbeldi að föður sínum með þeim afleiðingum að hann hlaut lífshættulegan höfuðáverka. Ákærði neitaði að fyrir honum hefði vakað að ráða föður sínum bana en játaði verknaðinn sem slíkan. Taldist sannað með skýlausri játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greindi. Þá var talið sannað að ásetningur hans til að ráða föður sínum bana hefði verið fyrir hendi, enda hefði honum ekki getað dulist að bani kynni að hljótast af atlögu hans. Hlaut hann 14 ára fangelsisdóm í héraði sem var staðfestur í Hæstarétti með dómi réttarins í máli nr. 278/2011.

Í Hæstaréttarmálinu nr. 198/2011 var snúið niðurstöðu héraðsdóms um ósakhæfi manns sem ákærður var fyrir að hafa orðið öðrum manni að bana með hnífi á heimili mannsins. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að ákærði væri ósakhæfur, en í málinu lá fyrir matsgerð og yfirmat þriggja dómkvaddra geðlækna sem allir komust að þeirri niðurstöðu að hann hefði á verknaðarstundu verið haldinn geðveiki í merkingu 15. gr. laga nr. 19/1940. Áréttaði Hæstiréttur að mat á sakhæfi samkvæmt 15. gr. lyti endanlegri úrlausn dómstóla og þeir í því efni ekki bundnir af áliti matsmannanna. Við þá úrlausn bæri einkum að horfa til aðdraganda brots mannsins, hvernig hann stóð að því og framferði hans í kjölfar þess. Í þessu samhengi var rakið að hann hafði skipulagt verknaðinn í þaula með það fyrir augum að ekki kæmist upp um hann, gengið ákveðið og skipulega til verks og síðan gert allt sem í hans valdi stóð til að aftra því að upp um hann kæmist. Hlaut maðurinn 16 ára fangelsisrefsingu.

Ríkissaksóknari ákærði karlmann fyrir manndráp með því að hafa orðið sambýliskonu sinni að bana með því að hafa þrengt að hálsi hennar með höndum og öryggisbelti bifreiðar þar til hún lést. Maðurinn gaf sig fram eftir verknaðinn og vísaði á líkið af konunni í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Dómur gekk í máli ákærða í nóvember 2011 og var hann fundinn ósakhæfur og dæmdur til öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Dóminum var ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari ákærði karlmann fyrir manndráp með því að hafa veist að öðrum karlmanni, með hnífi og stungið hann í hálsinn vinstra megin með þeim afleiðingum að slagæð fór í sundur og hann lést af völdum áverkanna. Hafði mönnunum orðið sundurorða á veitingastað. Ákærði var mjög ölvaður þegar atvikið átti sér stað. Dómur gekk í máli hans í héraðsdómi í nóvember 2011 og hlaut hann 16 ára fangelsisrefsingu. Dóminum var áfrýjað af hálfu ákærða og staðfesti Hæstiréttur dóminn, sbr. mál nr. 701/2011.

Kona var ákærð fyrir manndráp með því að hafa veitt nýfæddum syni sínum tvo skurðáverka á andlit með bitvopni og banað honum síðan með því að þrengja að hálsi hans uns hann lést af völdum kyrkingar. Hafði ákærða leynt þungun sinni og fætt barnið án þess að nokkur annar vissi af að hún væri þunguð hvað þá að hún hefði fætt barn. Barnið fæddi konan á herbergi hótels í Reykjavík þar sem hún starfaði við þrif. Hún gekk frá líki barnsins í ruslapoka sem samstarfskonur hennar báru út í ruslagám óafvitandi að í pokanum væri líkið af barninu. Fæðingin uppgötvaðist við skoðun lækna á henni á sjúkrahúsi þangað sem hún hafði verið flutt, eftir að hún kom til samstarfskvenna sinna alblóðug og illa til reika. Var þá farið að leita að barninu. Var háttsemi hennar talin varða við 211. gr. laga nr. 19/1940, en til vara 212. gr. sömu laga. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 278/2012 var refsing ákærðu þyngd úr 2 ára fangelsi í 3 ára fangelsi. Talið var að brot konunnar féllu undir 212. gr. þar sem hún hefði framið brot sín í veikluðu eða rugluðu hugarástandi sem hún hefði komist í við fæðinguna. Var að þessu leyti byggt á niðurstöðum matsmanna um hugsanlegt ástand konunnar, sem hélt sig við þann framburð sinn að hún myndi ekkert eftir atvikum eða að hafa yfirhöfuð fætt barnið.við eftirlit tollvarða á Keflavíkurflugvelli en í einu þeirra var dæmt fyrir innflutning á fíkniefnum í bifreið með Norrænu.

## 3.2. Líkamsárásir og frelsissviptingar

Ríkissaksóknari fer með ákæruvald í málum sem varða brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. líkamsárásum þegar stórfellt líkams- eða heilsutjón hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, svo og þegar sá sem sætir líkamsárásinni hlýtur bana af.

Ákært var í 32 málum fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Flest þeirra voru vegna líkamsárása sem voru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð var, þ. á m. tækja. Nokkur mál vörðuðu árásir þar sem glerflösku eða glerglasi var slegið eða kastað í höfuð eða andlit brotaþola. Fleiri hættuleg tæki komu við sögu í ákærumálum og eru eftirfarndi mál nefnd í dæmaskyni.

Piltur var ákærður fyrir að hafa, er hann var 16 ára, slegið 14 ára gamlan dreng 4-5 höggum með golfkylfu í andlit, handleggi og bak, með þeim afleiðingum að nefbein hans mölbrotnaði, hann hlaut sár á nefi og maráverka á líkama. Var

ákærði sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-228/2011, og dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 3 ára.

Maður var ákærður fyrir að hafa kastað kjötdiski úr postulíni í andlit konu með þeim afleiðingum að hún hlaut opið sár á augabrún og skurði á vörum. Konan var á þeim tíma sambýliskona ákærða. Maðurinn, sem átti nokkurn sakaferil, þ.á.m. óskilorðsbundna dóma, var sakfelldur og dæmdur í 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-28/2011.

Þá var kona ákærð fyrir að hafa slegið mann ítrekað í höfuð og andlit með pönnu með þeim afleiðingum að hann hlaut innkýlt kinnbeinsbrot og skurði á kinnbeini. Konan játaði verknaðinn og var dæmd í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2 ára, með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-83/2011.

Mál þar sem stórfellt líkams- eða heilsutjón hlaust af, komu einnig inn á borð ríkissaksóknara. Maður var ákærður fyrir að hafa að morgni nýársdags 2011 veist að öðrum og meðal annars sparkað í hann, svo hann féll í gangstéttina og síðan sparkað ítrekað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að brotaþoli hlaut lífshættulegan höfuðáverka, þ.e. höfuðkúpubrot með utanbastsblæðingu á gagnaugasvæði og heilamar. Ákærði var sakfelldur í héraði en hann áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, sem sakfeldi hann einnig með dómi í máli nr. 231/2011. Fyrir Hæstarétt var lagt læknisvottorð þar sem fram kom að eftir árásina glímdi brotaþoli við töluverðar afleiðingar áverkans og væri með hugræna skerðingu, minni hans væri skert, sem og vinnsluminni, einbeiting, úthald og skipulag. Einnig ætti hann erfitt með orðminni og væri þvoglumæltur, með verki í útlimum og bæri merki kvíða og þunglyndis. Ákærði hafði skömmu áður en hann framdi brotið verið dæmdur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga auk annarra brota og var því um ítrekun að ræða. Við refsiákvörðun leit Hæstiréttur m.a. til hinna alvarlegu afleiðinga af broti ákærða og þyngdi refsingu ákærða úr 3 ½ árs í 4 ára fangelsi.

Í öðru máli var maður ákærður fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa slegið annan mann með krepptum hnefa í andlit með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig og skall með hnakkann í jörðina. Brotaþoli hlaut þreifieymsli yfir höfði, skurð á aftanvert höfuð, innanbastsblæðingu hægra megin á heila og höfuðkúpubrot. Ákærði játaði háttsemina fyrir dómi og viðurkenndi bótaskyldu, sem var virt honum til málsbóta. Til refsiþyngingar horfðu hinar alvarlegu afleiðingar verknaðarins. Samkvæmt læknisvottorði var brotaþoli með væga hugræna skerðingu, skertan kraft og breytt skyn í vinstri líkamshelmingi, hálstognun og svima, auk þess sem flogakast var rakið til áverkans. Ákærði var dæmdur í 9 mánaða fangelsi en fullnustu 7 mánaða þar af var frestað skilorðsbundið til þriggja ára, sbr. mál Héraðsdóms Reykjaness nr. S-1033/2011.

Í miklum meirihluta málanna var gerandi einn en nokkur ákærumál vörðuðu hins vegar grófar líkamsárásir tveggja eða fleiri manna gegn einum brotaþola.

Þrír menn voru ákærðir fyrir að hafa í félagi veist að einum manni, m.a. með ítrekuðum höggum og spörkum víðsvegar um líkama hans, höfuð og andlit. Brotaþoli hlaut sár aftan á höfði, nefbrot, mar og yfirborðsáverka á andlit og yfirborðsáverka á kvið, baki, mjaðmagrind og hendi. Ákærðu voru allir sakfelldir með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-1607/2011. Við ákvörðun leit héraðsdómur til þess að árás ákærðu var ófyrirleitin, þar sem þeir réðust þrír gegn einum og spörkuðu m.a. í höfuð fórnarlambsins. Var einn þeirra að auki sakfelldur fyrir minniháttar líkamsárás, vegna annars máls sem sameinað hafði verið við meðferð héraðsdóms. Mennirnir höfðu allir verið sakfelldir áður fyrir líkamsárásir og var vísað til ítrekunarákvæðis 218. gr. b, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, og taldi dómari þá ekki eiga sér nokkrar málsbætur. Einn þeirra hlaut 16 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, og var fyrri skilorðsdómur dæmdur með. Hinir tveir hlutu 2 ára óskilorðsbundið fangelsi, en annar þeirra var einnig sakfelldur fyrir aðra líkamsárás í málinu, og hinn hafði rofið skilyrði reynslulausnar. Mennirnir áfrýjuðu allir dóminum til Hæstaréttar og er málinu ólokið þar.

Tveir menn, A og B, voru ákærðir fyrir að hafa, í félagi og ásamt nokkrum óþekktum aðilum veist að einum manni, slegið hann ítrekað hnefahögg í höfuð og líkama og annar hinna ákærði hafi auk þess ítrekað sparkað í höfuð hans og líkama og slegið hann í höfuð með glerflösku. Afleiðingar árásarinnar voru þær að brotaþoli hlaut skurð á hægra augnloki, marga litla skurði á hnakka og yfir vinstra gagnauga, mar yfir báðum augum, bólgu yfir hægra auga og brot yfir augntóftargólfi hægra megin. Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-687/2011, segir að atvik málsins séu ljós í grófum dráttum en um einstök atriði sé vafi. Var talið ósannað að ákærði A hefði gerst brotlegur eins og lýst var í ákæru og var hann sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. B játaði að hafa tekið þátt í átökunum og var lagt til grundvallar að hann hefði slegið og sparkað í líkama brotaþola, en ekki höfuð, og slegið hann með flösku í höfuðið. B hafði margoft verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot og var dómurinn hegningarauki við 12 mánaða fangelsisdóm. Leit dómurinn til þess að B var ekki upphafsmaður að átökunum og hafði sýnt vilja til að hætta afbrotum. Var hann dæmdur til 6 mánaða fangelsis.

Sérstaklega hættulegar líkamsárásir tengjast stundum öðrum brotum, svo sem frelsissviptingu (226. gr. hegningarlaga), ráni (252. gr.) og ólögmætri nauðung (225. gr.), svo eitthvað sé nefnt. Mál nokkuð sem varðaði sérstaklega hættulega líkamsárás, frelsissviptingu og tilraun til ráns, auk fíkniefnalagabrota, vakti athygli á árinu 2011, en ákærðu í málinu voru meðlimir skipulagðra glæpasamtaka. Tveir menn voru ákærðir fyrir ofantalin brot gegn manni einum. Verknaðarlýsingin í ákæru er mjög ítarleg og voru þeir ákærðir fyrir að beita brotaþola mjög miklu ofbeldi þar sem þeir notuðu m.a. ýmis áhöld til verksins. Voru þeir ákærðir fyrir að reyna að neyða út úr brotaþola 10 milljónir í reiðufé, bifreið og ýmsa aðra verðmæta muni og til þess að taka yfir lán. Einnig hótuðu ákærðu brotaþola frekara ofbeldi og að beita nána vandamenn hans ofbeldi. Á meðan á atlögunni stóð var brotaþoli sviptur frelsi sínu í íbúð í Hafnarfirði en frelsissviptingin náði einnig

til nokkurra bílferða og vistar í gluggalausu húsnæði í Reykjavík, þar sem brotaþoli var læstur inni næturlangt. Brotaþoli komst að lokum undan ákærðu í Borgartúni í Reykjavík og hljóp á lögreglustöð. Líkamlegar afleiðingar brotaþola voru mar- og yfirborðsáverkar víðs vegar um líkama, andlit og höfuð, nefbrot og tognun á háls-, brjóst- og lendahrygg. Undir meðferð málsins fyrir héraðsdómi, sbr. mál Héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-1140/2011, komu fram upplýsingar um að einn maður til viðbótar hafði verið gerandi í málinu og í kjölfarið gaf ríkissaksóknari út framhaldsákæru á hendur þeim manni. Var ákærutextanum breytt og nýjum upplýsingum um atburðarás og þátt hvers og eins ákærðu skeytt inn í verknaðarlýsingu. Þá voru til meðferðar í sama máli fyrir héraðsdómi ákærur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna umferðar- og fíkniefnalagabrota ákærðu. Hinir tveir upphaflega ákærðu voru sakfelldir fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, fyrir að hafa ráðist að brotaþola í tveimur atlögum. Áverkarnir, þ. á m. sjónskerðing sem brotaþoli varð fyrir, samkvæmt vottorði læknis sem lagt var fram í dómi, voru taldir stórfellt líkamstjón. Aðferðin sem ákærðu beittu með notkun barefla taldist sérstaklega hættuleg. Leit dómurinn á atlögurnar tvær sem eitt brot. Allir ákærðu voru taldir vera aðal- og samverkamenn í frelsissviptingunni, sem var álitin framin í ávinningsskyni, sbr. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærðu voru hins vegar ekki talin eiga undir ránsákvæði almennra hegningarlaga og voru þeir sýknaðir af broti gegn 252. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Var í því sambandi litið til þess að brotaþoli var ekki með verðmætin sem ákærðu ásældust í vörslum sínum né voru þau einstaklega ákvörðuð eða tiltekin. Sá sakborningur sem ákærður var með framhaldsákærunni var ungur að árum og dómurinn áleit hann hafa verið mjög undir áhrifum meðákærðu þegar hann tók þátt í verknaðinum og jafnvel hafa óttast þá. Var þáttur hans álitinn mun minni en þeirra og ekki varð séð að hann ætti von um fé. Rauf hann skilorð líkamsárásardóms með brotum sínum, sem var dæmdur með, og var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi. Dómurinn áleit brot hinna tveggja stórfelld og ófyrirleitin. Var annar þeirra dæmdur í 3 ára fangelsi og hinn í 3 ½ árs fangelsi.

## 3.3 Ávana- og fíkniefnabrot

Tveir dómar féllu í Hæstarétti á árinu 2011 þar sem sakfellt var fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, sbr. dómar Hæstaréttar í málum nr. 716/2010 og Hrd. 102/2011. Í fyrra málinu var erlend kona E ákærð fyrir að hafa staðið að innflutningi á 19.750 ml af vökva sem innihélt amfetamínbasa ætluðum til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Vökvanum hafði verið komið fyrir í eldsneytistanki bifreiðar í Litháen og E flutti bifreiðina til landsins. E var dæmd til að sæta 8 ára fangelsi þar sem um mikið magn af mjög sterkum fíkniefnum var að ræða. Einnig var áhugavert í þessu máli að bifreið E sem notuð var til að flytja fíkniefnin til landsins var gerð upptæk. Í seinna málinu var tekist á um skýrleika refsiheimilda, en þar var ungur maður ákærður fyrir að hafa staðið að ólögmætum innflutningi á 3.736,11 g af 4-flúoramfetamíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi. M játaði að hafa veitt fíkniefnunum viðtöku í Hollandi og flutt þau til Íslands með farþegaflugi, en talið var að um kókaín hafi verið að ræða. Það sem var áhugavert við málið var að 4-flúoramfetamín var ekki bannað skv. reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, en efnið er afleiða amfetamíns. Fallist var á með ákærða að 4. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 hefði ekki að geyma sjálfstæða refsiheimild og þar sem ekki var getið um efnið í fylgiskjölum með áðurnefndri reglugerð þá var innflutningur ákærða á efninu ekki talinn óheimill. Hins vegar hafði ákærði ásetning til að flytja inn um eitt kíló af kókaíni og þóttu þá huglæg skilyrði verknaðarins vera fyrir hendi og því var hann dæmdur fyrir tilraun til brots gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga og gert að sæta fangelsi í 15 mánuði.

Þrettán ákærur voru gefnar út á árinu 2011 vegna stórfelldra fíkniefnalagabrota sbr. 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sakfellt var í öllum málunum nema tveimur. Sex þeirra sem ákærðir voru á árinu 2011 voru taldir hafa stöðu svokallaðra burðardýra við innflutning fíkniefnanna, fimm karlar og ein kona. Þrír sakborninganna fluttu inn fíkniefnið MDMA (ecstasy) og var um innflutning á mjög miklu magni að ræða í tveimur þeirra. Í öðru málinu var um innflutning á um 15.000 töflum að ræða og hlaut dómfelldi í því tilviki 5 ára fangelsi í héraði, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-25/2011. Í hinu málinu voru fluttar inn um 36.000 MDMA töflur og um 4.500 skammtar af LSD, en með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S- 595/2011, var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í sex og hálft ár.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-150/2011 var maður dæmdur til að sæta fangelsi í 8 mánuði fyrir innflutning á fíkniefninu mefedrone (Mephedrone) sem sjaldan kemur við sögu í fíkniefnamálum. Ákærði neitaði sök og kvaðst vera með baðsalt sem hann hefði keypt í verslun í Lettlandi. Samkvæmt matsgerð frá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði reyndist „baðsaltið“ vera fíkniefni en sýnið sem rannsakað var innihélt 69% sterkt mefedrone. Ákærði var talinn ótrúverðugur og ljóst þótti að fíkniefnin voru ætluð til sölu og dreifingar hér á landi.

Maður var ákærður fyrir að hafa tekið við um 1 kg af amfetamíni og 400 g af hassi og haft í vörslum sínum og selt hluta fíkniefnanna til ónafngreindra manna. Með játningu ákærða var hann fundinn sekur um brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga auk fleiri brota. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði, sem ekki hafði áður sætt refsingum, hafði játað brot sín greiðlega og sótt fíkniefnameðferð. Vegna alvarleika hinnar refsiverðu háttsemi þótti aftur á móti ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans sem var ákveðin fangelsi í 18 mánuði sbr. dóm Hæstaréttar 627/2011.

## 3.4 Kynferðisbrot

Að venju voru kynferðisbrot fyrirferðarmikil í starfi ríkissaksóknara á árinu. Sum málanna vöktu mikla athygli í samfélaginu og jafnvel óhug. Lítið fór fyrir öðrum, enda málin oftast nær háð fyrir luktum dyrum. Ýmislegt markvert gerðist í málaflokknum og 61 ákæra var gefin út vegna kynferðisbrota. Verður hér tæpt á því helsta.

### Nauðgun

Á árinu 2011 komu nokkur mál til kasta ríkissaksóknara þar sem viðkomandi höfðu ekki verið í miklum samskiptum áður en brot átti sér stað, eða þekkt mikið til hvors/hvers annars.

Í mars höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur tæplega þrítugum karlmanni fyrir nauðgun með því að hafa árla morguns þann 5. júní 2010, á dvalarstað sínum í Reykjavík, með ofbeldi þröngvað konunni X til munnmaka, samræðis og endaþarmsmaka, en m.a. hrinti ákærði henni á rúm sitt, reif í hár hennar og klæddi hana úr fötum, en X hlaut við þetta nokkra áverka, m.a. sprungu og roða í endaþarmi, og marbletti auk þess sem hár losnaði úr hársverði. Ákærði og brotaþoli höfðu hist í fyrsta sinn fyrr um nóttina á skemmtistað í bænum en síðan haldið heim til ákærða ásamt vinum sínum. Framburður brotaþola var lagður til grundvallar í málinu en hann þótti trúverðugur jafnframt sem hann fékk stoð í læknisfræðilegum gögnum. Framburður ákærða þótti að sama skapi ótrúverðugur um tiltekin atriði auk þess að vera í andstöðu við gögn málsins. Héraðsdómur sakfelldi ákærða og var honum gert að sæta fangelsi í 3 ár og greiða brotaþola bætur. Ákærði áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar Íslands, sem að kröfu ríkissaksóknara þyngdi refsinguna í 4 ára fangelsi, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 460/2011, en að mati Hæstaréttar hafði ákærði sýnt af sér einbeittan brotavilja, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í júní ákærði ríkissaksóknari 17 ára mann fyrir kynferðisbrot með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. júlí 2010 farið með stúlkuna X, sem þá var 14 ára, gegn hennar vilja á afvikinn stað í húsasund bak við grunnskólann að Y, og notfært sér þar yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs- og aflsmunar og það að hún var ein með honum fjarri öðrum, látið hana leggjast á hnén og þvingað hana til að hafa við sig samræði og munnmök, auk þess sem ákærði hafði munnmök við stúlkuna. Við þetta hlaut stúlkan mikil hruflsár á hnjám, núningsáverka á olnboga og 4 mm langa rispu við leggangaop. Var háttsemi ákærða heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga í ákæru. Ákærði og brotaþoli höfðu hist í fyrsta sinn skömmu fyrir atvikið. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. S-250/2011 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár og greiða stúlkunni bætur. Var að mestu fallist á heimfærslu ákæruvaldsins til refsiákvæða í ákæru, en þó talið að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi hvað varðar aldur brotaþola. Ákærði áfrýjaði dómnum en Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm héraðsdóms með dómi sínum í málinu nr. 31/2012 utan þess að hann taldi að um ásetningsbrot hafi verið að ræða gegn 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í byrjun desember ákærði ríkissaksóknari tvo menn á þrítugsaldri fyrir nauðgun með því að hafa að morgni sunnudagsins 16. október 2011 í bifreið sem lagt var í stæði við Reykjavíkurflugvöll haft önnur kynferðismök en samræði við X með því að beita hana ofbeldi. Ákærði A neyddi konuna til að hafa við sig munnmök og ákærði R hafði við hana endaþarmsmök, auk þess að setja fingur í leggöng hennar. Brotaþoli bar um að mennirnir hafi boðið henni í bifreiðina og hafi hún beðið þá um að aka henni í verslun. En í stað þess hafi þeir ekið með hana að Reykjavíkurflugvelli þar sem brotið átti sér stað. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi mennina og dæmdi þá í 4 ára fangelsi. Mennirnir voru sýknaðir af því að hafa sett fingur í leggöng hennar þar sem hún mundi ekki eftir þeim þætti er hún gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. R neitaði að hafa haft við konuna endaþarmsmök en framburður hans þótti ekki samræmast gögnum málsins þar sem DNA úr konunni fannst á getnaðarlimi hans. Héraðsdómur lagði framburð konunnar til grundvallar í málinu, en hann þótti trúverðugur um sakarefni málsins. Athyglisvert var að konan breytti framburði sínum um sum önnur atriði en þau sem vörðuðu beint sakarefnið og það var mat dómsins að hún hafi ekki verið trúverðug að því leytinu. Hins vegar var talið að framburður hennar hafi verið á einn veg um þau atriði sem máli skiptu. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms með dómi sínum í málinu nr. 202/2012.

Þá voru tvö mál áberandi á árinu þar sem viðkomandi höfðu aldrei sést áður og árásarmennirnir veittust fyrirvaralaust að brotaþolum. Víða um heim eru slíkar nauðganir skilgreindar sem „árásarnauðganir“.

Í júní ákærði ríkissaksóknari tæplega þrítugan mann fyrir að hafa með ofbeldi eða ólögmætri nauðung veist að tæplega tvítugri konu á Austurvelli í Reykjavík þar sem hún var að hafa þvaglát og sett tvo fingur í endaþarm hennar með þeim afleiðingum að af hlutust nokkrar rifur við endaþarmsop. Málið var athyglisvert fyrir þær sakir að ákærði játaði að hafa veist með þessum hætti að stúlkunni en neitaði því að um nauðgun hafi verið að ræða, heldur hafi hann ætlað sér að hrekkja stúlkuna. Héraðsdómur Reykjavíkur var á öðru máli og taldi að um nauðgun hafi verið að ræða þar sem ofbeldi var beitt, sbr. dómur í málinu nr. S-989/2011, uppkveðinn þann 16. september 2011, en ákærði var sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 18 mánuði auk þess sem honum var gert að greiða brotaþola bætur. Með dómi sínum í málinu nr. 572/2011 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms.

Í byrjun september höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur 25 ára karlmanni fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 31. júlí 2011 á útisalerni á Þjóðhátíðarsvæði í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum, með ofbeldi þröngvað 22 ára konu til samræðis og annarra kynferðismaka með því að ýta henni inn á salernið er hún var að koma þaðan út og sett fingur í kynfæri hennar og er hún náði að komast út elt hana og neytt hana með ofbeldi aftur inn á salernið þar sem hann reif hana úr að neðan og hafði við hana samræði. Konan hlaut áverka og eymsli víðsvegar um líkamann. Héraðsdómur Suðurlands sakfelldi ákærða og dæmdi hann til að sæta fangelsi í 5 ár, sbr. dóm í málinu nr. S-317/2011. Var við mat á trúverðugleika ákærða m.a. litið til þess að ákærði sagði lögreglu ósatt strax á fyrstu stigum rannsóknarinnar og var talið að ákærði hafi með því reynt að afvegaleiða lögreglu við rannsókn málsins. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði hafði áður verið sakfelldur fyrir nauðgun, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 391/2011. Var litið til ítrekunarheimildar 205. gr. almennra hegningarlaga sem hafði tekið gildi er ákærði framdi síðara brotið. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn hvað varðar sakfellingu og ákvörðun refsingar en hækkaði miskabætur til brotaþola, sbr. Hæstaréttardóm í málinu nr. 624/2011.

Ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga er oftast beitt þegar um er að ræða brot gegn fullorðnum. Á því eru þó undantekningar því á árinu reyndi á ákvæðið með eftirminnilegum hætti þegar ríkissaksóknari höfðaði mál á hendur manni á fimmtugsaldri fyrir kynferðisbrot gegn 3 stúlkubörnum og vörslur á miklu magni af grófu barnaklámefni. Héraðsdómur Suðurlands sakfelldi ákærða og dæmdi hann til að sæta fangelsi í 7 ár, sbr. dóm í málinu nr. S-266/2011. Ríkissaksóknari felldi sig samt sem áður ekki við niðurstöðu dómsins en í ákæru hafði ákærða m.a. verið gefið að sök margítrekaðar nauðganir skv. 194. gr. almennra hegningarlaga gagnvart einu barninu, þ.e. með því að hafa í fimm aðgreind skipti haft önnur kynferðismök en samræði við telpuna er hún var sofandi, ennfremur með því að hafa í eitt skipti sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri telpunnar og ekki látið af háttseminni þótt telpan bæði hann um að hætta. Héraðsdómur leit svo á að brotum ákærða hafi ekki verið lýst í ákæru á þann veg að svaraði til brotalýsingar 194. gr. almennra hegningarlaga. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu og taldi öll skilyrði c. liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála vera uppfyllt og að vörn ákærða hafi í engu verið áfátt. Var litið til þess að þegar ákærði framdi framangreind kynferðisbrot gagnvart telpunni hafi hún verið sofandi og gat því hvorki spornað við verknaðinum né skilið þýðingu hans vegna aldurs síns. Þá var litið til þess hvað varðar þann ákærulið er tók til þess að ákærði hafi sett getnaðarlim sinn í kynfæri telpunnar og ekki látið af háttseminni þótt hún bæði hann um það, að vegna ungs aldurs síns hafi telpan verið varnarlaus gagnvart ákærða sem átti alls kostar við hana og notfærði sér yfirburðastöðu sína til að koma fram kynferðislegum vilja sinum gagnvart henni, en í þeirri háttsemi hafi falist ofbeldi af hans hálfu. Hæstiréttur þyngdi dóm ákærða í 8 ára fangelsisrefsingu með dómi sínum uppkveðnum þann 19. janúar 2012 í málinu nr. 562/2011.

Að venju komu nokkur mál til ríkissaksóknara þar sem viðkomandi notfærðu sér ástand brotaþola er þeir gátu ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Í ágúst var 23 ára karlmaður ákærður fyrir slíkt brot auk þess sem hann tók hreyfimynd af brotinu. Við meðferð málsins í héraði játaði ákærði sök. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra í málinu nr. S-89/2011 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár.

Í október var 26 ára karlmaður ákærður fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 26. júní 2011 á þáverandi heimili sínu haft samræði og önnur kynferðismök við X og við það notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í málinu nr. S-221/2011 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár. Ákærði áfrýjaði dómnum en Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með dómi sínum í málinu nr. 354/2012. Í forsendum Hæstaréttar er að finna ítarlega umfjöllun réttarins um mat á ölvun og ástandi brotaþola er brotið átti sér stað. Lá fyrir að brotaþoli hafði vakað lengi, hún hafi drukkið töluvert af áfengi og reykt einn marijuana vindling er hún var í heitum potti fyrr um nóttina. Var það niðurstaða réttarins að auk ölvunar hafi svefnleysi í heilan sólarhring, þreyta, fíkniefnaneysla og áhrif heita pottsins á líkamsstarfsemi, hvert um sig og allt í senn, stuðlað að þeim höfga og svefni sem brotaþoli kvaðst hafa fallið í.

### Trúnaðarbrot

Á árinu 2011 reyndi nokkuð á túlkun á ákvæði 201. gr. almennra hegningarlaga. Í janúar 2011 var fararstjóri ákærður fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gegn 16 ára stúlku sem var í æfinga- og keppnisferð í Svíþjóð á vegum tiltekins íþróttafélags og var því haldið fram í ákæru að honum hafi þannig verið trúað fyrir stúlkunni. Var ákærða gefið að sök að hafa káfað innanklæða á brjóstum og kynfærum stúlkunnar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-22/2011 var ákærði sakfelldur og gert að sæta fangelsi í 6 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með dómi sínum í málinu nr. 255/2011. Í sama máli reyndi á reglur um refsilögsögu en það var niðurstaða Hæstaréttar að ákæruvaldinu hafi ekki borið að vísa til viðeigandi ákvæðis þar um í ákæru. Þá var talið að brotið yrði heimfært undir 201. gr. almennra hegningarlaga og það ákvæði tæmdi sök gagnvart barnaverndarlögum.

Þá reyndi á ákvæði 201. gr. almennra hegningarlaga í því máli sem reifað er hér að ofan, þar sem ákærða var gefin að sök kynferðisbrot gagnvart 3 stúlkubörnum. Brotaþoli A var dóttir þáverandi sambýliskonu ákærða, en ekki var um skráða sambúð að ræða. Héraðsdómur mat það svo í dómi sínum í málinu nr. S-266/2011 að tengsl ákærða við brotaþola hafi verið slík er í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga greinir, enda hafði brotaþoli lýst því að hún hafi litið á ákærða sem stjúpföður sinn. Í tilviki brotaþola B höfðu móðir hennar og ákærði verið í sambandi í fimm eða sex ár, en þau voru ekki skráð í sambúð. Brotaþoli dvaldi oft á heimili ákærða vegna sambands móður hennar við ákærða og svaf þar. Var það mat héraðsdóms að ákærða hafi verið trúað fyrir barninu til uppeldis og því var háttsemi hans talin falla undir skilgreiningu 201. gr. laganna. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu dómsins með dómi sínum í málinu nr. 562/2011.

Þá reyndi á túlkun 201. gr. almennra hegningarlaga í máli sem ríkissaksóknari höfðaði í desember. Þar var maður á sjötugsaldri ákærður fyrir alvarleg og ítrekuð kynferðisbrot gegn X um langt skeið. Brotaþoli og ákærði tengdust fjölskylduböndum en ákærði var í sambúð með móðursystur brotaþola. Brotaþoli og systir hennar dvöldu mikið á heimili þeirra og þar voru brotin framin skv. ákærunni. Þá var mikill samgangur milli heimilis ákærða og brotaþola á tilgreindu tímabili. Hafði brotaþola verið komið fyrir í pössun á heimili ákærða og taldi Héraðsdómur Reykjavíkur í dómi sínum í málinu nr. S-1961/2011 að ákærða hafi þar með verið verið trúað fyrir barninu á þann hátt sem lýst er í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga og þótti engu breyta í því sambandi þótt brotaþoli hafi talið sig vera í pössun hjá móðursystur sinni. Héraðsdómur taldi hins vegar ekki sýnt að ákvæðið ætti við í öðrum tilvikum, þ.e. þegar brotaþoli hafði, er hún var orðin aðeins eldri og ekki lengur í reglulegri pössun á heimili ákærða, dvalið næturlangt á heimili hans. Ennfremur er hún kom þangað eitt sinn að degi til í heimsókn, en í bæði skiptin var talið sannað að ákærði hafi brotið gegn henni kynferðislega. Hæstiréttur var á öðru máli og taldi að ákvæðið ætti einnig við í þeim tilvikum. Var ákærði sakfelldur að mestu til samræmis við ákæru og dæmdur til að sæta fangelsi í 5 ár.

**Kynferðisleg áreitni**
Í desember 2011 ákærði ríkissaksóknari tæplega þrítugan mann fyrir að hafa áreitt kynferðislega tvær 14 ára stúlkur með því að hafa tekið fjölda ljósmynda af þeim án þeirra vitneskju þar sem þær lágu naktar á ljósabekk, ennfremur fyrir vörslur á tilgreindum ljósmyndum. Ríkissaksóknari heimfærði háttsemi mannsins undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. kynferðisleg áreitni gegn börnum, en til vara við 209. gr. sömu laga og barnaverndarlög. Ákærði játaði brot sín en taldi að heimfæra bæri ljósmyndun hans undir ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga. Héraðsdómur Norðurlands vestra féllst á kröfu ákærða og dæmdi hann til að sæta fangelsi í 5 mánuði þar af 3 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár. Ríkissaksóknari taldi rétt að áfrýja málinu til Hæstaréttar þar sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 að ljósmyndun af kynferðislegum toga þar sem börn eiga í hlut falli undir ákvæði 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Málsmeðferð fyrir Hæstarétti er ólokið.

## 3.5 Rán

Á árinu voru 35 einstaklingar ákærðir í 19 ákærum fyrir samtals 25 rán eða ránstilraunir samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga. Dómar hafa fallið í öllum málunum fyrir héraðsdómi og voru 33 sakfelldir samkvæmt ákæru, 1 sýknaður að hluta og 1 sýknaður fyrir hlutdeild í ráni. Átta einstaklingar voru dæmdir fyrir tvö rán eða fleiri. Tveir einstaklingar af 35 áfrýjuðu niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar og gekk dómur í öðru þeirra í Hæstarétti í byrjun árs 2012 þar sem niðurstaða héraðsdóms um refsingu var staðfest. Hinu ránsmálinu sem var áfrýjað til Hæstaréttar er ólokið.

Í málum þessum var algengast að ránin ættu sér stað í verslunum eða söluturnum, eða 13 talsins. Næstalgengast voru rán á almannafæri, eða samtals 7. Þá voru fjögur rán í heimahúsi og ein ránstilraun var í banka. Algengast var að sakborningar ógnuðu brotaþolum með hnífi, eða í 10 tilvikum. Í 9 tilvikum var líkamlegu ofbeldi beitt og í 6 tilvikum var einhverskonar barefli beitt og má þar nefna kúbein, hamar, hafnaboltakylfu og billjardkjuða. Mjög algengt var að sakborningar játuðu sök í þessum ránsmálum enda oft um sterk sönnunargögn að ræða s.s. myndbandsupptökur úr verslunum og söluturnum.

Hér að neðan er að finna stuttar reifanir nokkurra héraðsdóma vegna ránsmála.

S var ákærður fyrir að hafa farið inn í verslun 10/11 við Grímsbæ í Reykjavík, þann 24. desember 2010, með andlit sitt hulið, ógnað starfsmanni verslunarinnar með hnífi og skipað honum að afhenda sér peninga og sígarettur. S hafði á brott með sér 15.500 kr. og sígarettupakka. S var einnig ákærður fyrir að hafa farið í söluturninn Hraunberg í Breiðholti í Reykjavík, þann 4. apríl 2011, með andlit sitt hulið og ógnað starfsmanni söluturnsins með hnífi og skipað honum að afhenda sér peninga. S hafði á brott með sér um 20.000 kr. Að lokum var S ákærður fyrir tilraun til ráns með því að hafa þann 13. ágúst 2011 farið í verslun 10/11 við Glæsibæ, með andlit sitt hulið og vopnaður klaufhamri en horfið frá þegar enginn starfsmaður var sjáanlegur. Ákærði kannaðist við öll þessi ránstilvik og bar hann að í öllum tilvikunum hefði hann verið undir áhrifum lyfja og vantað pening. Hvað varðar ránstilraunina viðurkenndi S að hann hafi ætlað að verða sér úti um peninga en ljóst þótti að hann hafi horfið frá brotinu af sjálfsdáðum en ekki vegna tilviljunar eða annarra tálmana og því var S ekki gerð refsing fyrir þessa ránstilraun, sbr. 21. gr. almennra hegningarlaga. S var einnig sakfelldur fyrir eignaspjöll, þjófnað og minniháttar fíkniefnalagabrot og var dæmdur til 12 mánaða óskilorðsbundins fangelsis.

T var ákærður fyrir tilraun til ráns með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 2. september 2009 farið að verslun Samkaupa við Suðurver í Reykjavík með andlit sitt hulið og vopnaður billjardkjuða í þeim tilgangi að fremja rán, en horfið frá þegar verslunin reyndist lokuð. T játaði þessa háttsemi og var einnig sakfelldur fyrir ræktun á 58 kannabisplöntum. Hann var dæmdur til 6 mánaða fangelsis sem var skilorðsbundið til tveggja ára. Í þessu máli hvarf T frá verknaðinum vegna þeirrar tilviljunar að verslunin var lokuð og hann hætti því ekki við af sjálfsdáðum og þess vegna átti 21. gr. almennra hegningarlaga ekki við um þetta tilvik líkt og var í málinu hér að ofan.

AG, KA, ÓA og SG voru ákærðir fyrir tvö rán á tveimur veitingastöðum Dominos í Reykjavík, annars vegar að kvöldi föstudagsins 11. febrúar 2011 og hins vegar aðfaranótt mánudagsins 21. febrúar sama ár. Í síðara ráninu tók JJ einnig þátt og voru bæði ránin framin með sambærilegum hætti. Í fyrra tilvikinu fóru AG, KA og ÓA inn á veitingastaðinn, með andlit sín hulin og kröfðust þess að fá upplýsingar um hvar peningarnir væru geymdir og höfðu þeir á brott með sér 196.240 kr. Lögðu þeir á flótta í bifreið sem SG var með reiðubúna sem flóttabifreið. Í seinna tilvikinu var framkvæmdin eins nema þá var JJ einnig með þeim og höfðu þeir á brott með sér um 85.000 kr. og SG beið í flóttabifreiðinni líkt og í fyrra tilvikinu. Ákærðu játuðu allir þá háttsemi sem þeim var gefin að sök í ákæru og fengu allir fangelsisrefsingu. JJ var dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi, enda tók hann einungis þátt í öðru ráninu og hans hlutverk var ekki talið stórt. AG og KA voru báðir dæmdir til 12 mánaða skilorðsbundins fangelsis. ÓA var dæmdur til 15 mánaða skilorðsbundins fangelsis en hann var einnig sakfelldur fyrir önnur minniháttar brot. SG var dæmdur til 2 ára óskilorðsbundins fangelsis en sakaferill SG gerði það að verkum að hann fékk þyngri refsingu og að dómurinn var óskilorðsbundinn.

## 3.6. Brenna

Á árinu gaf ríkissaksóknari út þrjár ákærur þar sem ákært var fyrir brot gegn 164. gr. almennra hegningarlaga. Í tveimur málum var ákært fyrir brennu, auk fleiri brota. Í þriðja málinu var eingöngu ákært fyrir brennu, það mál vakti nokkra athygli.

Í því máli var A ákærður fyrir brennu með því að hafa, 15. júlí 2010, komið steinolíubleyttum eldhúspappír fyrir í rafmagnstöflu í íbúðarhúsnæði í Reykjavík, borið eld að rafmagnstöflunni og valdið með því eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og eignatjón auk hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra, hefði eldurinn náð að breiðast frekar út. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. mars 2012 í máli nr. S-1/2012, var ákærði sakfelldur. Í niðurstöðukafla dómsins kom fram að 13. september 2010 var ákærði dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brennu, sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 21. júní 2011. Var ákærða því dæmdur hegningarauki og refsing hans samkvæmt því ákveðin eins árs óskilorðsbundið fangelsi, að frádreginni gæsluvarðhaldsvist. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

## 3.7. Brot gegn valdstjórninni

Ríkissaksóknari gaf út á árinu 37 ákærur fyrir brot gegn valdstjórninni og voru 39 einstaklingar ákærðir. Þá voru tveir einstaklingar ákærðir tvisvar sinnum á árinu fyrir valdstjórnarbrot. Í langflestum málanna voru lögreglumenn þeir opinberu starfsmenn sem veist var að við skyldustörf, eða í alls 32 málum. Í þremur málum beindust brot ákærða annars vegar að lögreglumanni eða lögreglumönnum og hins vegar að öðrum opinberum starfsmanni eða starfsmönnum. Í einu málanna beindust brotin að starfsmanni meðferðarheimilis og lögreglumönnum. Í öðru slíku máli beindust brotin að fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík og aðstoðarmanni hans og lögregluvarðstjóra. Í þriðja málinu var G ákærður fyrir valdstjórnarbrot framin í Héraðsdómi Reykjaness þar sem tekin var fyrir krafa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að G sætti gæsluvarðhaldi. Var G gefið að sök að hafa, eftir að dómari hafði að kröfu S aðstoðarsaksóknara, úrskurðað G í gæsluvarðhald, hótað S ofbeldi. Ennfremur var G gefið að sök að hafa hótað lögreglumanninum O ofbeldi og reynt að hrækja á O. Loks var G gefið að sök að hafa í lögreglubifreið á leið í fangelsið að Litla-Hrauni hótað lögreglumönnunum A og M lífláti, auk þess að hóta að beita fjölskyldu A ofbeldi. Þá var G einnig ákærður fyrir fíkniefnalagabrot og gekkst hann við þeim sakargiftum. Að öðru leyti neitaði ákærði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-922/2011 var G sýknaður af því að hafa hótað lögreglumönnunum A og M lífláti, en sakfelldur að öðru leyti fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök í ákæru. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot G beindust að lögreglumönnum sem hafa heimildir til líkamlegrar valdbeitingar, sbr. 2. ml. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Einnig var litið til þess að brot G voru ófyrirleitin, sérstaklega gagnvart S og A. Þá þótti það auka á alvarleika brotanna að hluti þeirra voru framin í dómsal. Þá var litið til ítrekunarheimildar 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi, en vegna alvarleika brotanna og sakaferils ákærða kom ekki til álita að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Í 5 málum var ákært fyrir brot gegn öðrum opinberum starfsmanni en lögreglumanni. Í einu máli var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni meðferðarheimilis og í öðru máli var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þá var í þriðja málinu ákært fyrir að ráðast með hótunum um ofbeldi eða líflát gegn stöðumælaverði, í því fjórða var ákært fyrir ofbeldi gegn aðstoðarleikskólastjóra og í því fimmta var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni barnaverndarnefndar.

Ofbeldi var sú verknaðaraðferð sem oftast var ákært fyrir, en í nokkrum málum var ákært fyrir hótanir um ofbeldi og/eða líflát. Þá var í einu máli ákært fyrir að tálma því að lögreglumenn gætu sinnt skyldustörfum sínum. Í öðru máli var ákært fyrir að tálma fulltrúa sýslumanns og aðstoðarmanni hans við framkvæmd aðfarargerðar.

Í sex málum var sýknað að hluta eða að öllu leyti. Í einu máli var ákært fyrir tvö valdstjórnarbrot og var ákærði sýknaður af öðru brotinu. Í öðru máli þar sem var ákært fyrir brot gegn valdstjórninni, var ákærði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins sökum ósakhæfis, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er að geta þess að málið var sameinað öðru máli þar sem var ákært fyrir manndráp.

Í þeim málum þar sem var sakfellt var refsing oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi að öllu leyti.

Einn dómur sem varðaði valdstjórnarbrot féll í Hæstarétti á árinu og staðfesti rétturinn dóm héraðsdóms um sakfellingu vegna valdstjórnarbrots auk þjófnaðar með dómi í máli nr. 360/2011. Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var meðal annars litið til ítrekunarheimildar 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Hér að neðan eru reifaðir nokkrir héraðsdómar vegna brota gegn valdstjórninni sem uppkveðnir voru á árinu.

Á var ákærður fyrir að hafa, á skrifstofu Innheimtustofnunar sveitarfélaga veist að J, starfsmanni stofnunarinnar, en ákærði sló til J og klóraði á hálsi, með þeim afleiðingum að J hlaut rispur á hálsi og væga tognun á hægri baugfingri. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-177/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

G veittist með ofbeldi að lögreglumönnunum R og M, greip í hálsmál R með báðum höndum og sló til hans og auk þess sparkaði hann í fætur R og M. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-547/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

Á var ákærður fyrir að hafa ráðist með hótunum um ofbeldi og líflát að S, stöðumælaverði, en Á sagði við hana: „...ég elska að lemja fólk, ég elska það ha og þú ert ekkert að fara að sekta mig hérna...“ og „...þú setur ekki fokking sekt á bílinn

minn hérna, þetta er 5000 kall fyrir ekki fokking neitt! Ha, fokking langar mig að drepa þig maður.“ Í sömu ákæru var Á gefið að sök ærumeiðandi móðganir gagnvart S. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1135/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

S var ákærður fyrir að hafa, í herbergi á deild 32C á Landspítalanum við Hringbraut, slegið í hendi lögreglumannsins B sem hugðist rétta ákærða vatnsglas, því næst slegið til hans með krepptum hnefa en B náði að víkja sér undan högginu, en þá náð taki á höfði B og þrýst því fast að sér og eftir að B náði að losa sig sló ákærði tvisvar sinnum til hans með krepptum hnefa og hæfði annað höggið B í búkinn. Af þessu hlaut B hruflsár á báðum upphandleggjum, báðum olnbogum og hægri framhandlegg, sár á vinstri löngutöng og á vinstri augabrún auk tognunar og ofreynslu á hálshrygg. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1213/2011 var ákærði sakfelldur. Var það mat dómsins að virtum sakarferli ákærða, sem var allnokkur, væri það þýðingarlítið að dæma hann til refsingar sem bundin yrði skilyrði að hann héldi sig frá vímuefnaneyslu eins og verjandi hans hafði lagt til. Refsing ákærða var hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

A var ákærð fyrir brot gegn valdstjórninni, gagnvart E, starfsmanni barnaverndarnefndar, er E hafði afskipti af henni við skyldustörf sín. Þá var A ákærð fyrir að hafa á meðferðarheimilinu A, gert tilraun til að kasta skó og kertastjaka í E og reynt að slá hana og klóra í andlit. Ennfremur var hún ákærð fyrir að hafa í bifreið sem lagt var við þjóðveginn skammt norðan Blönduóss, slegið E með krepptum hnefa í höfuð og upphandlegg. Loks var hún ákærð fyrir að hafa á meðferðarheimilinu H, hrint E þannig að hún missti jafnvægið og hótað henni ofbeldi en ákærða sagðist skyldi komast að því hvar E ætti heima og láta berja hana. Ákærða játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-206/2011 var ákvörðun refsingar ákærðu frestað skilorðsbundið í tvö ár.

## 3.8. Brot í opinberu starfi

Fimm ákærur voru gefnar út á árinu vegna brots í opinberu starfi eða brots gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sýknað var í þremur málum af fimm og eitt þeirra sætir nú áfrýjun til Hæstaréttar.

G var sakfelld fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa á sjö mánaða tímabili í starfi sínu sem sendiráðsfulltrúi í sendiráði Íslands í A og síðar stjórnarráðsfulltrúi og starfsmaður á rekstrar- og þjónustusviði utanríkisráðuneytisins dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu samtals 335.768 evrur. Var brot hennar talið varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga. Í hinum áfrýjaða dómi, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, sbr. mál nr. 45/2011, var talið sannað með játningu G og öðrum gögnum málsins að hún væri sek um þá háttsemi sem henni var gefin að sök. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um stórfellt brot var að ræða í opinberu starfi sem náði yfir sjö mánaða tímabil. G játaði brot sitt skýlaust og vísaði á gögn sem flýttu fyrir rannsókn málsins. Þá hafði hún greitt til baka 76.730 evrur. Var refsing G ákveðin fangelsi í 2 ár og voru 22 mánuðir af refsingunni bundnir skilorði vegna sérstakra aðstæðna hennar.

Þann 28. apríl 2011 var höfðað sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands gegn lögregluvarðstjóranum S fyrir brot í opinberu starfi, með því að hafa sumarið 2010 farið offari við framkvæmd lögreglustarfans og ekki gætt lögmætra aðferða sem stjórnandi lögregluaðgerðar þegar S fyrirskipaði öðrum lögreglumönnum að aka með handtekinn ölvaðan mann frá mótssvæði í Galtalæk í Rangárþingi ytra, rúmlega fjögurra kílómetra leið frá Galtalæk og skilja hann þar eftir í námunda við sumarbústað í Landsveit. Maðurinn knúði dyra og reyndi inngöngu í sumarbústað með þeim afleiðingum að þeir sem þar dvöldust kölluðu eftir aðstoð lögreglu. Lögregluvarstjórinn S ók þá manninum frá sumarbústaðnum áleiðis að Galtalæk, þar sem hann var skilinn eftir á Landvegi, um miðja vegu á milli bústaðarins og Galtalækjar. Var þessi háttsemi talin varða við 132. gr. almennra hegningarlaga. Með Héraðsdómi Suðurlands, í málinu nr. S-212/2011, uppkveðnum þann 15. júlí 2011, var ákærði S sýknaður í málinu, m.a. með vísan til 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, þar sem kveðið á um að lögreglu sé heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun, til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings, eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Þá vísaði héraðsdómur til 2. mgr. 15. greinarinnar þar sem segir að í þessu skyni sé lögreglu m.a. heimilt að vísa á brott eða fjarlægja fólk. Þar sem mikill mannfjöldi var í Galtalækjarskógi umrædda nótt og fámennt lögreglulið var á svæðinu var háttsemi lögregluvarðstjórans S talin vera í anda meðalhófs og innan heimilda 15. gr. lögreglulaga.

Þann 27. september 2011 var höfðað sakamál fyrir Héraðsdómi Austurlands gegn lögreglumanninum X fyrir brot í opinberu starfi, með því að hafa í desember 2010 á lögreglustöðinni í Höfn í Hornafirði, misnotað stöðu sína sem aðalvarðstjóri og komið því til leiðar, er hann var á frívakt, að hann sinnti sjálfur aflífun særðs hreindýrs, sem tilkynnt hafði verið um að væri fast í girðingu við Reyðará í Lóni, undir því yfirskini að hann væri að sinna verkefni lögreglu en í þeim tilgangi að komast yfir kjöt af dýrinu til eigin nota, og notfært sér í því skyni lögreglubifreið, skotvopn og annan búnað og aðstöðu lögreglu í eigin þágu með því að fara á vettvang við Reyðará og aflífa dýrið, blóðga, færa skrokkinn til á afvikinn stað og skera úr hryggjarvöðva og fara síðar með kjötið á heimili sitt. Þetta var talið varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Héraðsdóms Austurlands í málinu nr. S-97/2011, uppkveðnum þann 15. maí 2012, var ákærði X sýknaður í málinu með þeim rökum að dómurinn taldi ósannað að ákærði X hafi umrætt sinn skorið það kjöt sem haldlagt var við rannsókn lögreglu til eigin nota, undir því yfirskini að hann væri að sinna verkefni lögreglu. Taldi dómurinn því ósannað að hann hafi misnotað stöðu sína sem aðalvarðstjóri, sér eða öðrum til ávinnings. Þá hefði ekki verið sýnt fram á að með athöfnum hans hafi verið hallað réttindum einstakra manna eða hins opinbera.

Þann 3. nóvember 2011 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur lögreglumanni fyrir kynferðisbrot í opinberu starfi, með því að hafa við skyldustörf sem lögreglumaður, sært blygðunarsemi konu og áreitt hana kynferðislega með því að koma því til leiðar að hann gat nálgast hana einslega í lokuðu herbergi við upplýsingaöflun vegna lögregluverkefnis og viðhafa kynferðisleg orð í hennar garð, pota með penna í brjóst hennar og strjúka brjóst hennar utan klæða. Voru brotin talin varða við 199. gr. og 209. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. febrúar 2012 í málinu nr. S-1670/2011 var ákærði sýknaður af kröfum ákæruvalds. Ríkissaksóknari áfrýjaði dóminum og verður málið flutt í Hæstarétti í byrjun árs 2013.

Þann 1. júní 2011 var S ákærð fyrir umboðssvik og brot í opinberu starfi, með því að hafa, á tímabili frá mars 2008 til október 2009, misnotað aðstöðu sína sem forstöðumaður hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vesturlandi og umboðsmaður vegna tveggja bankareikninga í Landsbanka Íslands, Akranesi, sem skráðir voru á tvo heimilismenn sambýlis svæðisskrifstofunnar á Akranesi, með innistæðum sem ætlaðar voru heimilismönnum sambýlisins, með því að fara með fjárreiður heimilismannanna andstætt því sem til var ætlast, taka fjármuni út af reikningunum og blanda saman við eigið fé og ráðstafa í eigin þágu og fjölskyldu sinnar á sama tímabili. Brot ákærðu voru talin varða við 249. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærða játaði skýlaust sök og var með dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. S-143/2011, uppkveðnum, 24. júní 2011, gert að sæta fangelsi í 45 daga sem var ákveðið skilorðsbundið.

G var ákærður fyrir fjárdrátt í opinberu starfi, með því að hafa dregið sér fé og misnotað aðstöðu sína sem fangelsisstjóri í fangelsinu á Kvíabryggju. Ákærði var þann 20. júlí 2012 með dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. S-228/2011 sakfelldur fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið sér verðmæti að fjárhæð 1.639.773 krónur. Brot ákærða vörðuðu við 247. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessari háttsemi sinni var ákærði talinn hafa misnotað alvarlega þann trúnað, sem honum var sýndur sem forstöðumanni ríkisstofnunar. Refsing hans var ákveðin fangelsi í átta mánuði en frestað var fullnustu fimm mánaða af þeirri refsivist.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

## 4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlandanna

Árlegur fundur ríkissaksóknara á Norðurlöndum var haldinn á Íslandi 29. júní til 1. júlí 2011. Fundurinn var haldinn samhliða 50 ára afmæli embættis ríkissaksóknara. Á fundinum var farið yfir meðferð nauðgunarmála hjá ákæruvaldinu, meðferð stríðsglæpamála, mál tengd mótorhjólagengjum, samskipti ákæruvalds við fjölmiðla, samfélagsleg áhrif ákæruvaldsins, vernd heimildarmanna fjölmiðla, eftirlit með ákvörðun ákæruvalds, rannsókn og saksókn stórra efnahagsbrotamála og gerð stuttlega grein fyrir meðferð og framgangi Landsdómsmálsins.

## 4.2. Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknararnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni s.s. mansal og hafa fundir þess hóps verið sóttir af hálfu ríkissaksóknara.

## 4.3. Evrópska réttaraðstoðin (Eurojust)

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við

Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð

fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað

að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir

rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust.

## 4.4. European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Fundirnir voru ekki sóttir af hálfu ríkissaksóknara þetta árið vegna anna. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við EJN og jafnframt aðaltengiliður íslenskra yfirvalda við EJN, en fulltrúar frá sérstökum saksóknara og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru jafnframt tengiliðir í samstarfinu.

## 4.5. Evrópusamstarf ríkissaksóknara

Consultative Council of European Prosecutors – CCPE

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið komið á fót ráðgefandi nefnd um málefni ákæruvaldsins Consultative Council of European Prosecutors – CCPE. Eitt meginmarkmið nefndarinnar er að framfylgja tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá október 2000 um hlutverk ákæruvaldsins í réttarvörslukerfinu (Rec (2000)19). Fundur CCPE voru ekki sóttir árið 2011 vegna anna hjá starfsmönnum embættisins. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er fulltrúi ríkissaksóknara í þessu samstarfi.

Eurojustice

Árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, var ekki sótt af ríkissaksóknara árið 2011.

## 4.6. Alþjóðasamtök saksóknara (IAP)

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákæruvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Árleg ráðstefna IAP var haldin í Seoul í Kóreu í júní 2011. Þá eru haldnir staðbundnari fundir svo sem innan Evrópu, fyrir félaga á því svæði.

## 4.7. Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Samkvæmt lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sendir ráðuneytið ríkissaksóknara beiðnir erlendra ríkja um framsal sakamanna. Ríkissaksóknara ber að sjá um að nauðsynleg rannsókn fari fram og sendir síðan ráðuneytinu gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur í framhaldinu ákvörðun um framsal. Ríkissaksóknari sækir einnig framsalsmál fyrir dómi, komi til þess að viðkomandi skjóti ákvörðun ráðuneytisins til dóms.

Á árinu 2011 bárust ríkissaksóknara sex framsalsmál, sem lauk þó ekki öllum á árinu. Þá voru fjögur mál til viðbótar til meðferðar hjá embættinu frá fyrra ári. Fimm málanna sem bárust ríkissaksóknara á árinu voru frá pólskum yfirvöldum og í öllum tilvikum var beiðst framsals pólsks ríkisborgara. Þrjú þessara mála voru vegna fullnustu refsidóma en tvö vegna gruns um refsiverða háttsemi. Sjötta málið var frá dönskum yfirvöldum og var það afgreitt á grundvelli sérlaga um framsal á milli Norðurlandanna, sbr. lög nr. 7/1962. Samkvæmt þeim lögum er heimilt að framselja íslenska ríkisborgara, sem er ekki heimilt samkvæmt lögum nr. 13/1984, og í máli þessu var einmitt óskað eftir framsali íslensks ríkisborgara vegna gruns um refsiverða háttsemi í Danmörku.

Í öllum þessum sex framsalsmálum komst ríkissaksóknari að þeirri niðurstöðu að lagaskilyrði framsals teldust uppfyllt. Ráðuneytið ákvað einnig í öllum tilvikum, að fenginni álitsgerð ríkissaksóknara, að verða við beiðni hinna erlendu yfirvalda um framsal. Öll málin fóru fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og síðan Hæstarétt. Ákvörðun innanríkisráðherra var staðfest á báðum dómstigum í fjórum málum, sbr. dóma Hæstaréttar nr. 331/2012, 432/2012, 590/2012 og 665/2012.

Í einu málinu var til umfjöllunar krafa pólskra yfirvalda um framsal til fullnustu refsingar samkvæmt fjórum dómum. Með þremur þessara dóma hafði viðkomandi verið sakfelldur fyrir líkamsárásir, þar af beindist ein gegn lögreglumönnum vegna starfa þeirra. Samanlögð fangelsisrefsing var 4 ½ ár. Héraðsdómur felldi ákvörðun ráðuneytis úr gildi með vísan til þess að við ákvörðunina, þ.e. við mat á hvort að synja ætti um framsal á grundvelli mannúðarsjónarmiða, hafi ekki verið tekið nægilega á þeim atriðum sem ráða hafi átt við niðurstöðu málsins og að nokkru hafi verið beitt ólögmætum sjónarmiðum og rangri skýringu á lögum. Ríkissaksóknari kærði úrskurðinn til Hæstaréttar og krafðist þess að hann yrði felldur úr gildi og ákvörðun innanríkisráðherra staðfest. Varnaraðili reisti kröfu sína um staðfestingu á úrskurðinum á því að synja bæri um framsal á grundvelli mannúðarástæðna og tilgreindi þar fyrst og fremst fjölskylduaðstæður, dvöl hans hérlendis frá árinu 2006 án þess að hafa gerst brotlegur við refsilög og drátt pólskra yfirvalda í málinu. Hæstiréttur taldi mat innanríkisráðherra hafa verið framkvæmt með réttum og málefnalegum hætti og var það ekki endurskoðað. Þá segir í dómi Hæstaréttar að varnaraðila hafi hlotið að vera ljóst að til þess kynni að koma að pólsk yfirvöld krefðust framsals til fullnustu refsingar sem honum hafði verið dæmd vegna alvarlegra brota hans. Dráttur á kröfu um framsal hafði ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Felldi Hæstiréttur hinn kærða úrskurð úr gildi og staðfesti ákvörðunina um framsal, með dómi í máli nr. 456/2011.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 630/2011 felldi rétturinn úr gildi ákvörðun innanríkisráðherra um framsal til Póllands, sem staðfest hafði verið með úrskurði héraðsdóms. Framsalsbeiðnin í máli þessu var vegna gruns um refsiverða háttsemi á árinu 2001, nánar tiltekið ætlaðra fjársvika, en viðkomandi var grunaður um að hafa falsað undirskrift annars manns við undirritun samnings við tiltekið fyrirtæki og fengið þannig í hendur gervihnattamóttakara og loftnet. Sök var fyrnd að íslenskum lögum en vegna ákvæðis framsalslaganna um að þegar beiðni berst frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu skuli lög þess gilda um rof fyrningarfrests, stóð fyrning sakar allt að einu ekki í vegi fyrir framsali. Hæstiréttur taldi ráðuneytið hins vegar ekki hafa metið annars vegar hagsmuni pólskra yfirvalda af því að fá varnaraðila framseldan með tilliti til grófleika brotsins sem beiðnin var reist á og hversu langt var um liðið frá því að það var framið og hins vegar hagsmuni varnaraðila af því að synjað yrði um framsal. Var talið að leggja yrði mat á þetta þegar leyst væri úr því hvort mannúðarástæður stæðu í vegi fyrir framsali, sbr. 7. gr. framsalslaganna. Var ákvörðunin því felld úr gildi. Í kjölfar dóms Hæstaréttar féllu pólsk yfirvöld frá framsalsbeiðninni. Niðurstaðan var því sú að maðurinn sem mál þetta varðaði var ekki framseldur en hinum fimm málunum, sem bárust á árinu 2011, lauk samkvæmt framangreindu með framsali.

Ýmsar beiðnir bárust embætti ríkissaksóknara frá erlendum yfirvöldum um aðstoð við rekstur sakamála á árinu. Innanríkisráðuneytið sendir ríkissaksóknara beiðnir þessar samkvæmt lögum nr. 13/1984 og hlutast ríkissaksóknari til um að rannsókn fari fram. Þá sendir ríkissaksóknari innanríkisráðuneytinu gögn málsins ásamt álitsgerð að rannsókn lokinni. Beiðnirnar sem bárust á árinu voru af ýmsum toga en í mörgum þeirra var óskað eftir skýrslutökum, annað hvort af vitnum eða sakborningum.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

## 5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 72/2011 sem tóku gildi 10. júní 2011 voru gerðar tvær breytingar á ákvæði 227. gr. a. um mansal. Annars vegar var gerð sú breyting að refsing fyrir mansal var hækkuð úr 8 ára fangelsi í 12 ára fangelsi og hins vegar að í stað þess að vísa til 226. gr. hegningarlaga í heild sinni í 1. tölul. 1. mgr. ákvæðisins er einungis vísað til 1. mgr. 226. gr. Í ljósi alvarleika mansalsbrota og með hliðsjón af þeim refsingum sem liggja við brotum á 194. og 226. gr. almennra hegningarlaga þótti rétt að hámarksrefsing fyrir brot á 227. gr. a. almennra hegningarlaga væri hækkuð úr átta ára í tólf ára fangelsi, en brot gegn framangreindum ákvæðum eru oft liður í mansalsbroti. Þá þótti jafnframt rétt að breyta ákvæðinu á þann veg að það tæmdi ekki sök gagnvart brotum á 2. mgr. 226. gr. laganna, en þar er m.a. kveðið á um það að hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eigi neinn rétt á því, skuli beita fangelsisrefsingu ekki skemur en eitt ár og allt að sextán árum eða ævilangt. Séu atvik með þeim hætti sem segir í ákvæðinu þótti rétt að því væri beitt samhliða ákvæði 227. gr. a. Þá má nefna að breyting á refsiramma mansalsbrotsins hafði jafnframt í för með sér að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, um að maður geti verið úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna, telst uppfyllt að því er varðar mansalsbrot.

## 5.2 Lög um meðferð sakamála

Með lögum nr. 168/2011 var í þriðja sinn frestað gildistöku ákvæða laganna sem fjalla um stofnun embættis héraðssaksóknara. Var gildistökunni frestað til 1. janúar 2014.

## 5.3 Breytt tilhögun rannsókna og saksóknar efnahagsbrota

Með lögum nr. 82/2011 sameinaðist embætti sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans. Þar með færðist rannsókn og saksókn í öllum efnahagsbrotamálum til embættis sérstaks saksóknara.

Með lögunum voru verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, svo sem þau eru skilgreind í reglugerð nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, færð til embættis sérstaks saksóknara sbr. þó breytingu á lögreglulögum í 5. gr. frumvarpsins. Hlutverk efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra var að annast rannsókn og saksókn vegna alvarlegra afbrota á sviði fjármála og viðskipta. Þessi brot, sem nefnd hafa verið skatta- og efnahagsbrot, eru m.a. alvarleg auðgunarbrot, brot sem lúta að löggjöf um tekjuöflun hins opinbera, gjaldeyrismál, verðlags- og samkeppnismál, verðbréfaviðskipti, stjórn fiskveiða og önnur brot sem eðli máls samkvæmt teljast til efnahagsbrota.

Í bráðabirgðaákvæði í lögunum er kveðið á um að hefja skuli endurskoðun á heildarskipulagi og tilhögun rannsóknar og saksóknar í efnahagsbrotamálum innan einnar stofnunar, í þeim tilgangi að gera vinnuna skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru í þessu skyni. Innanríkisráðherra skal samkvæmt ákvæðinu skipa nefnd sérfróðra manna, að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, til þess að gera tillögur um nýtt heildarskipulag og skal nefndin í störfum sínum hafa hliðsjón af skipan efnahagsbrotarannsókna annars staðar á Norðurlöndum.
Á nefndin að skila ráðherra tillögum ásamt greinargerð eigi síðar en einu ári frá gildistöku laganna, en þau tóku gildi 10. júní 2011.

## 5.4 Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili

Með lögum nr. 85/2011 er leitast við að styrkja réttarstöðu brotaþola enn frekar og þá sérstaklega þeirra sem mega þola heimilisofbeldi. Lögin koma í stað laga um nálgunarbann, nr. 122/2008. Í lögunum er kveðið á um heimild til þess að beita nálgunarbanni og heimild til þess að vísa einstaklingi brott af heimili sínu standi öðrum sem þar dveljast ógn af viðkomandi. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/2011 segir m.a.: „Engum vafa er undirorpið að úrræði líkt og brottvísun af heimili er vandmeðfarið þar sem í slíkum málum vegast á annars vegar hagsmunir þess sem brottvísuninni skal sæta af því að geta dvalið á heimili sínu og hins vegar hagsmunir þess sem brottvísuninni er ætlað að vernda af því að njóta öryggis á eigin heimili. Rökin að baki því að vísa manni brott af eigin heimili snúa að því að vernda líf og heilsu annarra sem þar búa og þykja þau rök vega þyngra en tímabundin röskun á högum þess sem yfirgefa þarf heimili sitt. Úrræðið byggist á því sjónarmiði að verði einstaklingur fyrir ofbeldi á eigin heimili sé það ekki einkamál viðkomandi aðila heldur varði samfélagið allt. Yfirvöld skuli því aðstoða þá sem verða fyrir slíku ofbeldi eftir fremsta megni.“

Einnig kemur eftirfarandi fram í athugasemdum með frumvarpinu:

**3. Lög um nálgunarbann, nr. 122/2008.**
Ákvæði um nálgunarbann komu fyrst inn í íslenska löggjöf með lögum nr. 94/2000, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann), en þar var reglum um úrræðið bætt við lög um meðferð opinberra mála. Að baki bjuggu þær röksemdir að nálgunarbann ætti sér nokkra samsvörun með þvingunarúrræðum

þeirra laga. Við endurskoðun á réttarfarslöggjöf sakamálaréttarfars þótti hins vegar rétt að mæla fyrir um úrræðið í sérstökum lögum þar sem bannið hefði ekki það einkenni sem þeim þvingunarúrræðum laganna væri sameiginlegt, þ.e. að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Ákvæði hinna nýju laga voru í flestum atriðum samhljóða ákvæðum þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 en þó ekki að öllu leyti. Þannig var þar lýst nánar hvaða aðdragandi gæti verið að því að lögregla gerði kröfu til dómara um nálgunarbann og hvaða úrræði sá hefði sem ekki fengi því framgengt að lögreglan krefðist nálgunarbanns, þ.m.t. heimild til að kæra synjun á nálgunarbanni.

**4. Brottvísun af heimili.**
**4.1. Inngangur.**
Með brottvísun af heimili er átt við að heimilt er, að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum, að vísa einstaklingi brott af heimili sínu eða dvalarstað og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Úrræði þetta er jafnan nefnt austurríska leiðin þar sem það sækir fyrirmynd sína til laga sem tóku í gildi í Austurríki 1. maí 1997. Úrræðið hefur jafnframt verið tekið upp í löggjöf annarra Evrópulanda, þar á meðal Norðurlandanna. Í tengslum við meðferð frumvarps til laga um nálgunarbann á árinu 2008 kom austurríska leiðin til skoðunar í allsherjarnefnd og þá hvort til álita kæmi að taka svipað fyrirkomulag upp hér á landi. Var það mat minnihluta nefndarinnar að rétt væri að kveða á um slíkt fyrirkomulag í íslenskri löggjöf en meirihlutinn taldi að þar sem um væri að ræða annað úrræði en nálgunarbann og umræðan um það skemmra á veg komin, væri ekki rétt að taka úrræðið upp. Var því hins vegar beint til dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneyti) að kanna reynsluna af úrræðinu í nágrannalöndunum og meta hvernig það félli að íslensku réttarfari. Frumvarp það sem hér er lagt fram byggir á lögum um sama efni á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega Noregi og Danmörku, og er framkvæmd sú sem lögð er til í samræmi við íslenskt réttarfar.“

## 5.5. Fullnusta refsinga

Með lögum nr. 129/2011 var lögum um fullnustu refsinga breytt á þann veg að lögfest var nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða meira, auk þess sem hækkuð var sú hámarksrefsing sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu úr 6 mánaða óskilorðsbundnu fangelsi í 12 mánaða fangelsi.

Rafrænt eftirlit er fullnustuúrræði sem felur í sér að föngum er heimilað að afplána refsingu utan fangelsis enda hafi þeir á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum þeirra. Þeim er yfirleitt gert skylt að stunda vinnu, nám eða önnur verkefni sem samþykkt eru og eru liður í aðlögun þeirra að samfélaginu á ný. Búnaðurinn sem þeir hafa á sér gerir eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með því að þeir mæti á þá staði þar sem þeim ber að vera og séu á heimili sínu þegar þess er krafist. Þá er einnig haft eftirlit með þeim á dvalarstað þeirra til þess að tryggja að þeir fari að settum skilyrðum, eins og t.d. banni við neyslu áfengis og fíkniefna. Einnig er lögð áhersla á félagslega þjónustu og aðra aðstoð við fanga á fullnustutímanum.

Nú geta fangar sem dæmdir hafa verið í tólf mánaða fangelsisrefsingu eða lengri afplánað allt að síðustu átta mánuði refsitímans undir rafrænu eftirliti, áður en til veitingar reynslulausnar kemur. Rafrænt eftirlit getur verið 30 dagar hið minnsta, fyrir þá sem afplána tólf mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, en 240 dagar hið mesta fyrir þá sem afplána lengstu refsingarnar, tíu ár eða lengur.

## 5.6. Umsagnir um lagafrumvörp o.fl.

**Árið 2011 gaf ríkissaksóknari umsagnir um eftirfarandi lagafrumvörp sem send voru embættinu:**

Frumvarp til laga um umferðarlög, heildarlög, 495. mál.
Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, heildarlög, 703. mál.
Frumvarp til laga um breyt. á áfengislögum, skýrara bann við auglýsingum, 705. mál.
Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta, 727. mál.
Frumvarp til laga um breyt. á lögreglulögum, fækkun lögregluumdæma o.fl., 753. mál.
Frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara, flutningur efnahagsbrotadeildar, 754. mál.
Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt, biðtími vegna refsingar o.fl., 755. mál.
Frumvarp til laga um gjaldeyrismál og tollalög, reglur um gjaldeyrishöft, 788. mál.
Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, refsing fyrir mansal, 785. mál
Frumvarp til laga um meðferð sakamála og meðferð einkamála, endurupptökunefnd, 8. mál.
Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt, biðtími vegna refsinga o.fl., 135. mál.
Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 706. mál.

Umsagnirnar er að finna á vef Alþingis.

**Að auki bárust embættinu til umsagnar eftirgreind frumvörp án þess að tekin væri afstaða til þeirra eða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvörpin:**

Frumvarp til laga um breyt. á áfengislögum, skýrara bann við auglýsingum, 136. mál.
Frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, notkun þjóðfánans til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu, 532. mál.
Frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, tímamörk umsóknar, 630. mál.
Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 725. mál.
Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, heildarlög, 674. mál.
Frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands, breyting ýmissa laga, 675. mál.
Frumvarp til laga um barnalög, réttindi barns, forsjá, sáttameðferð o. fl., 778. mál.
Frumvarp til laga um meðferð einkamála, 568. mál.
Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, endurútreikningur verðtryggðra lána, 9. mál.
Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt, ríkisfangsveitingar, 42. mál.
Frumvarp til laga um náttúruvernd, refsingar fyrir náttúruspjöll, 63. mál.

**Þá gaf ríkissaksóknari umsagnir um eftirfarandi tillögur til þingsályktunar:**

Þingsályktun um skipan sannleiksnefndar til rannsóknar á málsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmála, 53. mál.
Þingsályktun um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, 26. mál.

Umsagnirnar er að finna á vef Alþingis.

Ekki þóttu efni til að veita umsögn um 6 aðrar þingsályktunartillögur sem bárust embættinu.

# 6. kafli

# Starfsmenn ríkissasóknara

Löglærðir starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2011:
Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari
Helgi Magnús Gunnarsson, vararíkissaksóknari
Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari (í leyfi)
Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari (í leyfi)
Daði Kristjánsson, saksóknari
Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari
Hulda María Stefánsdóttir, saksóknari
Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, aðstoðarsaksóknari
Einar Tryggvason, aðstoðarsaksóknari
Óli Ingi Ólason, aðstoðarsaksóknari

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:
Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari í hálfu starfi
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari
Sólrún Guðmundsdóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 14 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember sl., 10 konur og 4 karlar.

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur.

## Ráðstefna evrópskar saksóknara

*(Þýðing úr ensku)*

**EVRÓPURÁÐIÐ**

Strasbourg, 31. maí 2005.

# RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA RÍKISSAKSÓKNARA
# 6. FUNDUR

skipulagður af Evrópuráðinu í samvinnu við ríkissaksóknara Ungverjalands

**Búdapest, 29.-31. maí 2005**

Hús þjóðþingsins
Hótel Margitsziget Termál

EVRÓPSKAR LEIÐBEININGARREGLUR UM SIÐI OG BREYTNI OPINBERRA ÁKÆRENDA

# „BÚDAPESTREGLURNAR“

Samþykktar af ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005
http://www.coe.int/prosecutors/

## Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.

2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.

3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannaþágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.

4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.

5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitaefni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.

6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.

7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um i 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

## I. Grundvallarskyldur

**Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur**

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

**Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og**

a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
b. ávallt sýna faglega breytni,
c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmanna, af virðingu og kurteisi,
n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsimála

**Í starfi er varðar rekstur refsimáls ber opinberum ákærendum ávallt að**

a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa árhif á gang réttvísinnar,
f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

## IV. Breytni í einkalífi

a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttsýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttsýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttsýni og óhlutdrægni.

[1] Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til
- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarreglna um störf saksóknara, samþykktra af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.

**Hönnun:** Sigrún Einarsdótir, sigruneina@internet.is • **Umbrot:** Svansprent

Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.rikissaksoknari.is